Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félags húsgagnaverslana
# 14. september 1961 til 11. mars 1991

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag húsgagnaverslana

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-18

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Félag húsgagnaverzlana

1961 – 1991

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ~ Fundargjörðarbók ~

# Félags húsgagnakaupmanna

# Reykjavík

bls. 11. Félagið heitir: Félag húsgagnaverzlana. H.S.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 14. september 1961.
var fundur haldinn í Tjarnarkaffi uppi.
Ásgrímur P. Lúðvíksson setti fundinn kl. 9 e.h.
Sagði hann að tilefni þessa fundar væri
1. Stofnun félags húsgagnakaupmanna.
2. Önnur mál.

Tilnefndi hann Guðmund H. Guðmundsson fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða

Fundarstjóri sagði frá tilefni þessarar fundarboðunar, sem væri beint framhald af fundi þeim er húsgagnaframleiðendur og seljendur hefðu haldið 26. ágúst s.l. í Þjóðleikhúskjallaranum og / á þeim fundi hefði undirbúningsnefnd verið kosin og stóði hún að boðun þessa fundar. Síðan bað hann Helga Elíasson að vera fundarritara og var það samþykkt.

Fundargjörð frá 26. ágúst var síðan lesin

Fundarstjóri sagði að hér lægi tillaga fyrir þessum fundi um stofnun félags húsgagna-kaupmanna. Og var það samþykkt.

Þá las hann frumdrög að lögum félagsins og um tilgang þess. Taldi hann að heppilegast væri að kosin yrði bráðabirgða-stjórn til frekari undirbúnings og athugana á væntanlegum lögum félagsins.

Síðan var orðið gefið laust.

Þá tók til máls Bjarni Kjartansson hann taldi nauðsynlegt að undirbúa vel

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lög félagsins, því að á því gæti oltið hvers félags eðlið, hversu vel [illegible] væri frá félagslögunum gengið. Hann lét í ljós ánægju sína yfir stofnun þessa félags.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs. í sambandi við félagsstofnun.

Þá leitaði fundarstjóri eftir uppástungum um menn í bráðabirgðarstjórn, til undirbúnings næsta fundar. Kosnir voru eftirtaldir menn Ásgrímur P. Lúðvíksson, Guðmundur Guðmundsson og Ragnar Björnsson.

Því næst tók Ásgrímur P. Lúðvíksson til máls. Og lagði eftirfarandi tillögu fram.

„Fundurinn samþykkir, að eftirleiðis verði ekki veittur hærri afsláttur en 5% við staðgreiðslu húsgagna, enda verði fullra útlánsvaxta bankanna eins og þeir eru hverju sinni krafist af öllum lánsviðskiptum."

Ásgr. P. Lúðvíksson
Guðm. Guðmundsson
Hörður Pétursson

Viðauki: Að þeir sem ekki eru mættir á fundinum en voru boðaðir á fundinn og aðrir þeir er málið varða, verði látnir vita um samþykktir fundarins

Þetta hvortveggja var samþykkt samhljóða.

I Þá tók Guðm. Halldórsson til máls og lagði áherzlu nauðsyn þess að sami afsláttur væri ~~hinn~~ sami allstaðar.



Síðan tók Helgi Bergsson til máls. Ræddi hann um vexti í sambandi við lánsviðskipti húsgagna. Hann sagði: „Mitt hugboð er það, að sumir hafi selt húsgögn án vaxta til langs tíma. Hann taldi rétt að taka eðlilega ~~bakan~~ bankavexti eins og þeir væru á hverjum tíma, því að annars gæti það orðið freistandi fyrir kaupendur, að kaupa húsgögn til langs tíma, og eiga þá sína peninga í banka á vöxtum, sagði hann.

Jón Björnsson frá Akureyri taldi rétt að koma á ákveðnu formi á sölufyrirkomulagi um allt land; hann sagðist vera hlyntur stofnun þessa félags

2) (Fundarstjóri taldi rétt að skrifa þeim aðiljum, sem hér ættu hlut að máli en hefðu ekki haft tækifæri til að sækja þennan og þeim væri skýrt frá samþ. sem hér ~~eru~~ væru gerðar)

Þá var kaffihlé

Eftir kaffihléið varð fundarstjóri að fara af fundi og tók Ásgrímur P. Lúðvíksson við fundarstjórn. Hann taldi rétt að menn ræddu um almenna hækkun á söluverði húsgagna. Þá tók til máls Guðm Halldórsson og ræddi um hinn mikla mismun sem væri á verðlagi samskonar sófasetta og tók til dæmis „innbúsettið" og ræddi hann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um hið æðlilega samræmi sem væri
á þessum hlutum. Síðan tók Guðm. Guðmundsson
til máls, og lagði áherzlu á að almenn
hækkun húsgagna yrði 13%.

Bjarni Kjartansson sagði að sér
fyndist ekki ljóst vera, hvort hér væri
fundur beggja aðilja húsgagnakaupmanna
og framleiðanda, hann sagðist ekki vera
á móti hækkun húsgagna almennt.
hann ræddi einnig um vaxtakjörin.

Ennfr. aðrir tóku einnig til máls
Þá kom fram tillaga frá Gunnari Sigurðssyni
svohljóðandi: „Fundur í „Félagi húsgagnakaupmanna
haldinn í Tjarnarkaffi fimmtudaginn 14. sept. 1961
fer þess á leit við stjórn félagsins, að hún
hið fyrsta hafi samráð við stjórnir félaga
húsgagnaframleiðenda um samræmingu á
verði og verðbreytingar í framleiðslu"

Þá tók til máls
Helgi Bergsson og taldi að þessi fundur væri
ekki bær að taka ákvörðun um almenna
hækkun húsgagna og sagðist hann styðja
tillögu Gunnars

Tillaga Gunnars var samþykkt samhljóða
Fundi var síðan slitið kl. 11½ e.h.



Fimmtudaginn 26. ágúst 1961
var fundur haldinn að tilhlutan húsgagnaframleiðanda
og seljanda í Þjóðleikhúskjallaranum.

Ásgrímur P. Lúðvíksson formaður
húsgagnabólstrarameistara setti fundinn kl. 8½ e.h.
og sagði hann, að fundur þessi væri boðaður
til þess að ræða um undanfarandi
kauphækkanir sem orðið hefðu og gengisbreytingu
þá, sem nýlega væri um garð gengin, og
þetta hvorttveggja myndi leiða til mikillar
hækkunar á öllum framleiðslukostnaði, og
væri því full þörf á að framleiðendur og
seljendur ræddu einmitt um þessi mál
og létu álit sitt í ljós bæði í sambandi
á hækkun á almennu söluverði húsgagna,
afsláttar og greiðslufyrirkomulag.

Síðan reifaði hann málið á
breiðum grundvelli.

Kosinn var fundarstjóri Hjalti
Geir Kristjánsson og fundarritari Helgi Eliasson

Fundarstjóri sagði, að þar sem
ekki lægi fastmótuð dagskrá fyrir þessum
fundi, þá yrði þetta frekar undirbúnings-
fundur undir annan fund, sem síðar
yrði þá haldinn. Hvatti hann fundarmenn
til þátttöku í þessum umræðum og gaf
orðið laust.

Því næst tók til máls Hörður

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pétursson tilnefndi hann tvö dæmi, sem lýstu óþvírætt hve mikið verið gengið á álagningu húsgagna undanfarið vegna ýmsra hækkana sem komið hafa án þess að söluverð húsgagna hafi hækkað að sama skapi. Þá tók til máls Sind lagði hann áherzlu á að heppilegra væri að leggja niður 10% afsláttinn, þó að fólk greiddi allt andvirði húsgagnanna þegar í stað og söluverð væri staðgreiðsluverð en ef um lánsviðskipti væri að ræða, þá legðist auðvitað aukakostnaður á það.

Síðan tók Ragnar Björnsson til máls og fagnaði boðun þessa fundar hann taldi nauðsynlegt að stofna samtök framleiðenda og seljenda. Hann talaði einnig á við og dreif um ýms vandamál sem skapast höfðu á undanförnum árum og lagði mikla áherzlu á stofnun samtaka, sem gætu orðið til mikillar úrbóta í þessum efnum. Ragnar taldi rétt að athugað yrði bæði framleiðslu og dreifingarálagningu.

Guðmundur Guðmundsson taldi að nauðsynlegt yrði að hækka allt verð á allri húsgagnaframleiðslu um 13% en sjálfsagt væri að athuga ýmislegt annað sem þörf væri á og til heilla gæti orðið t.d. félagsstofnun eða önnur mál er til greina gætu komið, en það yrði að gera



síðar, en fyrst yrði hækkunin að koma til framkvæmda.

Tillaga kom fram um nefndarkosningu til frekari undirbúnings þessara mála.

En áður en uppástunga kom fram um menn í nefnd þessa tóku ýmsir til máls sumir oftar en einu sinni. Meðal þeirra er til máls tóku voru þessir og ekki hafa áður verið nefndir: Baldur Guðmundsson, Birgir Ágústsson, Guðmundur H. Guðmundsson, ræddi hann ýms vandamál í sambandi við húsgagnasöluálagningu og ýmislegt annað, taldi hann réttast að hafa samvinnu við félög húsgagnabólstrarameistara og húsgagnasmíðameistara og kjósa þá nefnd í samvinnu við áðurnefnd félög.

Þá var stungið upp á eftirtöldum mönnum í undirbúningsnefnd til þess að boða til stofnfundar heildarsamtaka húsgagnaframleiðenda og þeirra sem dreifa húsgögnum:

Guðm. H. Guðmundssyni, Ásgrími P. Lúðvíkssyni, Helgi Péturssyni, Ragnari Björnssyni og Guðm. Guðmundssyni.

Síðan var fundi slitið kl. $10^{50}$ e.h.

Helgi Elíasson
fundarritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 10. okt 1961 kl. 9³⁰ e.h.
var framhaldsfundur til stofnunar félags húsgagnaverzlana haldinn í „Klúbbnum" við Borgartún. Gestir fundarins voru þeir Sig. Magnússon formaður kaupmannasamtaka Íslands og Sveinn Snorrason framkvæmdastjóri.

Ásgrímur P. Lúðvíksson setti fundinn og bauð menn velkomna, stakk hann upp á því að Helgi Bergsson yrði fundarstjóri og Helgi Elíasson fundarritari voru þeir báðir samþykktir.

Fundargjörð síðasta fundar var lesin og samþykkt án breytinga.

Fundarstjóri sagði að dagsskrá þessa fundar væri meðal annars að ganga frá lögum félagsins.

Þá tók til máls Bjarni Kjartansson ræddi hann um lögin almennt og lagði fram nokkrar breytingatillögur og athugasemdir
t.d. 1. og önnur grein yrði ein grein.
3. gr. verði óbreytt sem 2. gr. 4. gr. skiptist í tvær greinar og verði því 3 og 4. gr.
5. gr. Inntökugjald verði í félagið skal vera kr. 500,00 og árgjald verði kr. 300,00
Gjalddagi er á aðalfundi og greiðist fyrir fram
Reikningsár félagsins sé almanaksárið.
6. gr. Í stað eftir ~~ann~~ orðunum 5 mönnum komi: Og 3. til vara. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Skal sá er



~~[illegible]~~ flest atkvæði fær vera fyrsti varamaður, sá er næst flest fær annar o.s.frv. eða eftir tilnefningu. Þá skal og kjósa 2 endurskoðendur og 1. til vara til eins árs í senn.
Afl. atkvæða ræður ávallt úrslitum mála nema annað sé ákveðið í lögum þessum.
Eftirfarandi lög félagsins voru samþ.

## Lög Félags húsgagnaverzlana

1. gr.

Félagið heitir Félag húsgagnaverzlana. Skrifstofa, heimilisfang og varnarþing þess er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal íslenzkra húsgagnaverzlana, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði þeirra, sem húsgagnaverzlanir reka og stuðla að því að verzlunin í landinu sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal eftir megni leita samstarfs við önnur kaupmannafélög og kaupmenn landsins til hagsbóta fyrir stéttina í heild, m.a. með aðild að kaupmannasamtökum Íslands.

3. gr.

Félagar geta orðið, einstaklingar og félög, sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eiga og reka húsgagnaverzlanir, þeir sem aðildar óska, skulu senda félagsstjórn skriflega umsókn þar um. Ef meiri hluti stjórnar samþykkir inntökubeiðni telst umsækjandi fullgildur félagi, en þó skal leggja beiðnina fyrir næsta félagsfund til endanlegs samþykkis.

Hver félagi er bundinn af lögum, samþykktum og samningum félagsins. ~~Ef félagi~~ Ef félagi brýtur gegn hagsmunum félagsins getur félagsfundur vikið honum úr félaginu, enda fái tillaga um það 2/3. hluta greiddra atkvæða. Ef félagi hættir verzlun með húsgögn eitt ár eða lengur er hann sjálfkrafa úr félaginu nema sérstök samþykkt komi til.

4. gr.

Stjórn félagsins ákveður árgjald hverju sinni. Gjalddagi félagsgjalda er 1. febrúar ár hvert. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

5. gr.

Stjórn félagsins er ~~er~~ skipuð 5 mönnum og tveimur til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs ganga tveir meðstjórnendur úr stjórn eftir



hlutkesti en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. ~~að öðru leyti með sér verkum~~

Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn, afl atkvæða ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

6. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, að láta félagsfund kjósa menn í nefndir til þess að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu ~~með~~ eða bréfi með 1. viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Eftirfarandi mál skulu ávallt tekin fyrir á aðalfundi:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ~~ári~~ starfsári.
2. Leitað samþykkis á endurskoðuðum reikningum félagsins.
3. Kjör stjórnar skv. 5 grein.
4. Kosnir tveir endurskoðendur
5. Kosinn 1. aðalfulltrúi og 1. varafulltrúi í stjórn Kaupmannasamtaka Íslands

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Önnur mál

8. gr.
Stjórnin boðar til félagsfundar er henni þykir ástæða til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, er félaga varðar, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt sem verða má.

9. gr.
Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi. Þarf til þeirra samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingartillaga skal getið í fundarboði.

10. gr.
Félagi verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi, enda sé þess getið í fundarboði. Þarf samþykki 3/4 greiddra atkvæða til félagsslita.

Eftir samþykkt þessara laga fór ~~fór~~ fram kosning á mönnum í stjórn félagsins. Fyrst fór fram kjör á formanni. Stungið var upp á Ásgrími P. Lúðvíkssyni og var hann einróma kjörinn.

Síðan var stungið upp á eftirtöldum mönnum í ~~st~~ aðalstjórn félagsins: Guðmundi Guðmundssyni, Helga Bergssyni,



Magnúsi Jóhannssyni, og Ragnari Björnssyni. ~~Í varastjórn voru~~ kj og voru þeir kjörnir einróma. Þá var stungið upp á eftirtöldum mönnum í varastjórn: Helga Elíassyni og Árna Jónssyni voru þeir einnig kjörnir einróma. Því næst voru endurskoðendur kosnir þeir Karl Sörheller og Axel Eyjólfsson einnig einróma.

Eftir að kosningu hafði verið lokið tók til máls Sigurður Magnússon formaður Kaupmannasamtaka Íslands, hann bauð hið nýja félag velkomið í samtök kaupmanna og óskaði hann formanni til hamingju með hið nýja starf. Hann lagði áherzlu á að meðlimir kaupmannasamtakanna ættu að standa saman um hagsmuni hinnar frjálsu verzlunar. Hinn nýji formaður Ásgrímur P. Lúðvíksson tók síðan til máls og þakkaði formanni Kaupmannasamtakanna fyrir ávarp hans, einnig þakkaði hann fyrir það traust sem sér hefði verið sýnt með að fela sér formennsku í hinu nýja félagi. Bjarni Kjartansson óskaði stjórninni og félaginu til hamingju með framtíðarstarfið. Þá ræddi fundarstjóri Helgi Bergsson um þann árangur, sem þegar hefir áunnist með samþykkt um lækkun ~~niður~~ afsláttar gegn staðgreiðslu úr 10% niður í 5%. og stofnun þessa félags. Þá ræddi hann um

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það að hann hefði tekið upp þann hátt að láta kaupendur tryggja húsgögn um leið og kaup eru gerð og tæki þá hlutaðeigendur greiða ákveðna pro mill af upphæð hinna tryggðu hluta. Helgi sagði að hann hefði minnst á þetta mál hér ef meðlimir félagsins myndu vilja taka þennan þátt upp í sambandi við sín viðskipti, og félagið sem slíkt myndi vilja athuga þennan þátt viðskiptanna sérstaklega. Dagsskrá fundarins var lokið. En menn ræddu ýmislegt bæði í sambandi við lánsviðskipti og sölu eftir dagsskrárlok

[signature]

Helgi Elíasson
fundarritari



Ár 1962, föstudag 11. maí var aðalfundur Félags húsgagnaverzlana haldinn í Hábæ, Skólavörðustíg 45. Fundinn setti formaður, Ásgrímur P. Lúðvíksson.

Fyrir var tekið:

1. Fundarstjóri var kosinn Helgi Elíasson en hann tilnefndi Svein Sveinsson sem fundarritara. Las fundarstjóri síðan fundargerð síðasta fundar sem síðan var samþykkt.
2. Flutti síðan formaður skýrslu um störf félagsins á liðnu ári.
Gat hann þess, að stjórnin hefði haldið 4 fundi á árinu. Þrátt fyrir það að ýmislegt hafi farið á annan veg en ætlað var í upphafi, kvaðst formaður þó telja að þeir hafi komið nokkur jákvæður árangur í ljós til aukinnar heilbrigði í viðskiptaháttum. Formaður skýrði frá því að félagið hefði haft spurnir af því að alþingismaður einn hyggðist leggja fram á alþingi frumvarp til laga um kaup með afborgunarskilmálum, og myndi frumvarpið eiga að sniðast eftir danskri löggjöf um það efni. Hafi félagið aflað sér hinna dönsku laga um þetta og stjórnin látið þýða þau og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

athugað það og séð, að ekki var hætta af slíkri löggjöf fyrir félagið eða félagsmenn þótt slík löggjöf yrði sett hér.

Helgi Bergsson tók næst til máls og reifaði nokkur erindi sem stjórnin hafi haft til umræðu á fundunum. Hið fyrra málið er hann vildi sérstaklega ræða hér var þörfin á að koma á gæðamati. Skýrði hann hugmyndina um skipan matsmanna og framkvæmd matsins og hversu tilraunir hafa áður gengið við að koma á slíku mati. Kvað Helgi fulla þörf á að koma mati þessu á.

Hitt atriðið var að gera einhverjar ráðstafanir til þess að draga úr þeim vanskilum sem virðast fara vaxandi meðal þeirra sem húsgögn kaupa með gjaldfresti. Taldi Helgi að æskilegasta leiðin til þess að koma slíku til leiðar, væri að allir aðilar er húsgögn þannig seldu létu sömu skrifstofu eða



sama lögmanni annast innheimtu fyrir alla, og fengist þá bezt yfirlit yfir það, hverjir skulduðu og hvort sami aðili væri í vanskilum við fleiri af félögum okkar. Sem byrjunarframkvæmd að þessu leyti lagði stjórnin til að fyrirtæki sendi skrifstofunni mánaðarlega skrá um þá er í vanskilum hafa lent, en um það yrði síðan samin skrá, sem mánaðarlega er svo send til félagsmanna, til frekari tryggingar því, að aðrir félagar fari ekki að gera samninga við vanskilamennina í góðri trú.

Urðu síðan um þetta nokkrar umræður.

3. Gjaldkeri skýrði hag félagsins.

4. Kjör formanns. Ásgrímur P. Lúðvíksson var einróma endurkjörinn.

5. Úr stjórn áttu að ganga Guðmundur Guðmundsson og Magnús Jóhannesson, en voru báðir endurkjörnir til tveggja ára.

6. Kosnir tveir ~~endurskoðendur~~ varastjórnarmenn þeir Helgi Elíasson og Árni Jónsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Kosnir voru tveir endurskoðendur þeir Karl Soerheller og Axel Eyjólfsson.

8. Aukamenn í stjórn K.Í var kjörinn Ásgrímur P. Lúðvíksson en til vara Helgi Bergsson.

9. Önnur mál:
Bjarni Kjartansson, tók til máls og ræddi tvö þau mál, sem áður voru rædd í sambandi við skýrslu stjórnar. Það fyrra var innheimta og vanskilaskrá. Taldi Bjarni það myndi horfa til bóta ef á fót væri komið sameiginlegri innheimtu og vanskilaskrá, Kvaðst Bjarni telja tímabært að stjórnin ynni að þessu. Hann árnaði félagi og stjórn að lokum allra heilla. Urðu um þetta allmiklar og fjörugar umræður. Var því vísað til stjórnarinnar

Formaður varpaði fram þeirri hugmynd hvort ekki myndi heppilegt að koma upp sameiginlegum markaði með þau húsgögn, sem ekki væru lengur kúrant söluvarningur, svipað eins og bókamarkaði Bókaverzlana.



Urðu um þetta allfjörugar umræður um þetta. Fundurinn vísaði þessari hugmynd til stjórnarinnar.

Samræming á verðlagi bar einnig á góma. Helgi Bergsson taldi nauðsyn á því að samvinna takist meðal fyrirtækja um samræmingu verðlags til þess að tryggja að ekki væri verið að draga úr þeirri álagningu sem sanngjörn er.

Að lokum urðu allfjörugar umræður um gæðamat. Virtist vera allmikill og almennur áhugi um nauðsyn á slíku mati, þó að nokkuð greindi menn á hvernig framkvæma bæri þetta. Fór fram skoðanakönnun um það, hvort fundurinn teldi rétt að stjórnin gerði einhverjar ráðstafanir til þess að undirbúa og koma á fót slíku mati. Samþykkti fundurinn að vísa þessu til stjórnarinnar. / Formaður þakkaði sýnt traust með endurkjöri.

Fleira var ekki fyrir tekið
Fundi slitið

Helgi Eliasson    Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1962 þriðjudaginn þann 4 júní kom stjórn félagsins saman á fund, mættir voru Ásgrímur P. Lúðvíksson Magnús Jóhannesson, Ragnar Björnsson Guðmundur Guðmundsson og Helgi Bergsson. Rætt var um vanskilin og vanskilaskrána. Samþykkt að fela formanni og Magnúsi Jóhannessyni að tala við Hafþór Guðmundsson lögfr. Samþykkt að senda til lögfr. alla víxla 1½ mánuði eftir fallmánuði.

Ásgr. P. Lúðvíksson

Helgi Bergsson



Ár 1962, þriðjudag 4. desember var haldinn í Stjórn Félags húsgagnaverzlana í Reykjavík á skrifstofu K.Í að Klapparstíg 26.

Fyrir var tekið:

Umræður um samkomnar tillögur um afgreiðslutíma sölubúða í Reykjavík o.fl.

Allmiklar umræður urðu um frumdrögin. Var síðan samþykkt að mæla með frumdrögunum þó með þessum breytingum:

Aftan við 3. lið 1. mgr. 2. gr. komi nýr liður svohljóðandi: "Síðasta ~~dag~~ virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal þó heimilt að halda sölubúðum opnum til kl: 2400."

~~Aft~~ C liður 7. gr. orðist:

"Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl: 1300."

Enn fremur í 2. mgr. 2. gr.: "Á laugardögum skal heimilt að halda þeim opnum til kl: 1300 á tímabilinu frá 1. maí til 30. september."

2. Formanni og gjaldkera var falið að ljúka sem fyrst störfum í sambandi við samninga við dr. jur. Hafþór Guðmundsson um innheimtur fyrir félagsmanna. og boða til nýs fundar að því loknu.

Fundi slitið.

Ásgr. P. Lúðvíksson

Helgi Bergsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, föstudag 5. apríl var fundur haldinn í stjórn félags húsgagnaverzlana í skrifstofu K.F. að Klapparstíg 26.

Fyrir var tekið:

1) Ákveðið að halda aðalfund félagsins á miðvikudag í páskavikunni, og var Magnúsi falið að athuga með fundarstað og tíma, en fundinum á að hefjast með sameiginlegu borðhaldi.

2.) Vanskilaskrá. Í framhaldi af hugmyndum, sem fram komu á s.l. aðalfundi félagsins, hefur verið kannaður möguleiki á að koma á fót skrá þeirra, er í vanskilum með greiðslur samkvæmt samningum um sölu með afborgunarskilmálum. Hafa nokkrir félagsmanna þegar látið gera skrá um vanskilamenn, en ákveðið var að gefa félagsmönnum öllum kost á því að taka þátt í skrá þessari. Enn fremur var um það rætt, hvort ekki væri ráðlegt að gefa þeim aðilum öðrum, sem með svipuðum kjörum selja, svo sem heimilistækjaverzlunum, kost á gagnkvæmum upplýsingum að þessu leyti.



3) Lágmarksútborgun, þegar selt er með afborgunarskilmálum. Nokkrar umræður urðu um þetta atriði. Talið var nauðsynlegt að samræma þetta atriði meðal félagsmanna. Enn fremur þykir nauðsynlegt að vara félagsmenn við að samþykkja greiðslu vaxta af víxlum vegna vörukaupa, svo og samræmingu á vöxtum vegna sölu með afborgunarskilmálum.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið.

[illegible]

Helgi Elíasson

Ragnar Björnsson

[illegible]

Ár 1963, fimmtudag 18. apríl var aðalfundur Félags húsgagnaverzlana haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum.

Formaður, Ásgrímur
1) Lúðvíksson setti fundinn og skipaði Helga Elíasson fundarstjóra.

Ásgrímur Lúðvíksson, formaður stjórnarinnar flutti skýrslu stjórnarinnar um störf félagsins á liðnu ári. Hann gat þess að starfsárið hafi verið fremur átakalítið hjá félaginu. Þó hafi stjórnin látið einkum taka til sín tvö mál, þ.e. vaxtamál og vanskilaskrá. Hann gat þess að vegna samtaka félagsmanna hafi verið unnt að samræma þann afslátt, sem gefinn er vegna staðgreiðsluviðskipta og taldi að það hafi orðið til verulegra hagsbóta fyrir félagsmenn alla. Hann gat þess að Ragnar Björnsson myndi síðar á fundinum ræða vaxtamálið, en Guðmundur Guðmundsson vanskilaskrána.



Magnús ~~Valdimarsson~~ Jóhannsson skýrði hag félagsins, en séreign félagsins nemur kr. 7.500.- krónur.

Ásgrímur Lúðvíksson minntist Bjarna Kjartanssonar, sem er nýlátinn, en fundarmenn risu úr sætum í virðingarskyni við hinn látna félaga.

2) Kosning stjórnar.

a. formaður var endurkjörinn Ásgrímur P. Lúðvíksson

b.) Kosnir tveir menn í stað Helga Bergssonar og Ragnars Björnssonar.

Stungið var upp á Ragnari Björnssyni og Árna Jónssyni. Fleiri uppástungur komu ekki og voru þeir sjálfkjörnir.

c) Kosning tveggja varamanna í stjórn: Kosnir voru Árni Skúlason og Jón Bjarnason.

d.) Endurskoðendur voru kosnir: Guðmundur Daníelsson og Gunnar Kristmannsson.

3. Fulltrúi í stjórn Kaupmannasamtakanna var kosinn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásgrímur P. Lúðvíksson en
til vara Jón Hjörleifsson.

Önnur mál:

I. Guðmundur Guðmundsson skýrði
frá því að í framhaldi af víðja-
yfirlýsingu um sameiginlega
innheimtu og vanskilaskrá,
hafi stjórn félagsins leitað
til dr. juris Hafþórs Guðmunds-
sonar, og kannað möguleika
á því að hann tæki að sér
innheimtu fyrir alla félags-
menn. Sakir erfiðrar aðstöðu
taldi doktorinn sér ekki fært
að taka að sér innheimtuna að
sinni. Hinsvegar hafi dr. Haf-
þór þegar hafið undirbúning
að samningu þriggja fyrir-
tækja er hann annast inn-
heimtu fyrir.

Jón Hjörleifsson beindi þeirri
fyrirspurn, hvort rétt væri að fara
út fyrir Kaupmannasamtökin
með sameiginlega inn-
heimtu og vanskilaskrá.

Sveinn Snorrason upplýsti
að tilgangurinn hefði verið
sá rauninni, að skrifstofa
Kaupmannasamtakanna



sæi um að koma á framfæri
þeim upplýsingum sem skráin
geymdi.

Urðu um þetta allmiklar og
fjörugar umræður og tóku ýmsir
til máls, en því fleiri sem til máls
tóku, þeim mun betur kom í ljós
áhugi manna á málefninu og
einhuga álit um nauðsyn þess
að hrinda hugmyndinni í
framkvæmd sem allra fyrst.
Margar og merkilegar ábendingar
og athugasemdir komu fram í sam-
bandi við framkvæmd máls þessa,
til leiðbeiningar fyrir þá, sem koma til
með að vinna að framgangi málsins.
Allir fundarmenn tjáðu sig fúsa til
þátttöku í upplýsingastarfseminni,
þó óskaði einn þeirra, Jón Hjörleifsson
umhugsunarfrests til mánaðamóta
til endanlegrar ákvörðunar, þar sem
hann væri svo nýlega tekinn við
forstöðu þess fyrirtækis, er hann
starfar við.

~~II~~: ~~Næsta~~ Var þeim Ragnari Björnssyni,
Guðmundi Guðmundssyni, og Ragnari
Jóhannssyni falið að sjá um
framkvæmd málsins.

II: Næstamál. Ragnar Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrði þá frá því að all mikils mis-
ræmis gætti í sambandi við
þóknun, sem fyrirtækin taka af
sölu með afborgunarskilmálum.
Væri það mjög mikið fjárhags-
legt atriði fyrirtækin þó, að það
skipti kaupandi litlu máli.
Meginmáli skipti, að sá kostnaður
sem fyrirtækin verða sjálf að greiða
vegna þessara lánsviðskipta,
en hins vegar eðlilegt að kaup-
andi greiði fyrir þá þjónustu, sem
afborgunarkerfið er fyrir hann.
Gerði Ragnar það að tillögu sinni
að félagsmenn samræmdu
vaxtakjörin að þessu leyti.
Urðu um þetta nokkrar umræður
og kom fram tillaga um að
skipa nefnd ~~þriggja manna~~
til þess að gera skrá um það,
hvernig leggja skuli vaxta-
gjöld og kostnaðinn, og verði
tilkynning þar um send í öll
aðildarfyrirtækin, og væri eftir
henni farið sem reglugerð.
Í nefnd þessa voru kosnir:
Ragnar Björnsson, Jón Hjörleifsson,
Guðmundur Daníelsson og Guð-
mundur Guðmundsson. Var



nefndinni falið að skila áliti innan
mánaðar og tillögum um hvernig
með skuli fara. Verður þá boðaður
almennur félagsfundur til þess
að taka endanlega afstöðu til
málsins

3. Lágmarksútborgun þegar selt
er með afborgunarskilmálum.
Formaður beindi þeirri fyrirspurn
til fundarmanna, hvort ekki
væri tímabært að setja einhverjar
ákveðnar reglur í sambandi við
útborgun, þannig að samræmi
væri um þetta meðal allra félags-
manna. Rétt væri að hafa
lágmarksprósentuna það lága
að allir gætu fallist á hana.
Urðu um þetta nokkrar umræður,
Ragnar Björnsson taldi að þetta yrði að
vera matsatriði hverju sinni og
lagðist móti fastri reglu um þetta,
þótt hann að sjálfsögðu myndi
fara eftir fundarsamþykkt um
þetta efni.
Máli þessu var frestað til næsta-
fundar.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

Helgi Eliásson
Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, fimmtudag 18. júlí var fundur haldinn í Félagi húsgagnaverzlana í fundarsal K.Í. að Klapparstíg 26.

Fyrir var tekið:

1) Vaxtatafla vegna lánsviðskipta. Í framhaldi af ályktun aðalfundar félagsins hefur nefnd sú, er aðalfundurinn kaus í þessu skyni orðið sammála um að leggja til við félagsfund að taka almennt upp í lánsviðskiptum vaxtareikning þannig að vextir og víxilkostnaður sé reiknaður af hverri afborgun og lagður við hana. Hefur nefndin látið gera sérstaka töflu í þessu skyni og lá hún fyrir fundinum.
Nokkrar umræður urðu um töfluna, var hún talin hentug að vinna eftir, hvort sem sú tilhögun væri tekin að taka vexti og kostnaði við hverja greiðslu ellegar hafa allan kostnað sem eina greiðslu. Í því tilefni var þó rétt að benda á að heppilegast væri að greiða vextina í upphafi eða á miðju greiðslutímabili.
Taflan var að lokum borin undir atkvæði fundarins og samþykkt samhljóða að láta



prenta hana og senda félagsmönnum með tilmælum um að eftir henni verði farið af félagsmönnum.

2) Nokkrar umræður urðu um kaupgjalds- og verðlagsmál. Fundur verður haldinn í Félagi húsgagnabólstrara í næstu viku. Talið var rétt að fulltrúar félagsins reyndu þá að ræða við húsgagnabólstrara um verðlagsgrundvöll, þar sem höfuðnauðsyn og hagsmunamál beggja væri samræming og fastur grundvöllur í stað þess misræmis sem gætir á framleiðsluverði hinna ýmsu framleiðenda.

3) Vanskilaskrá: Hafþór Guðmundsson hefur lokið vanskilaskrá sinni og er hún tilbúin til dreifingar, en eftirspurn eftir skránni hefur verið lítil.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

Ásg. P. [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1963 29 ágúst, kl. 2 settu fundar í félagi Húsgagnaverzlana að Klapparstíg 26.

Fundar efni breyting á verðlagi vegna hækkaðs kaupgjalds og efnivöru. Guðm. Guðmundsson tók til máls og reifaði málið eftir að form. hafði sett fundinn og taldi bólstraðar vörur, vera komnar langt frá sanni hvað verðlag snerti og væri útkoma svo lág að nálgaðist tap, urðu svo almennar umræður og báru menn saman verðlag sín á milli

Einn félaga kom fram með að hækka vörur, sem ekki hafa þegar verið hækkaðar hækki að lágmarki 12%. og komi til framkvæmda eigi síðar en 1/9 63

Samþykkt var einnig að álagning á bólstruvörur allt 30% álagning og 20% á grindur, enfremur töldu framl. í bólstrun að launalisti Meistarafél. Bólstrara væri rétti grundvöllurinn fyrir [illegible] útreikningi. Samþykkt var að boða annan fund á Mánudag kl. 2. 2/9 63

Á fundi voru mættir 10 félagar.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Ásgr. P. Lúðvíksson

Ragnar Björnsson



Þann 2 sept. 1963 var haldinn fundur í Fél. HÚSGAGNAKAUPMANNA. Til fundarins var boðað í samræmi við fyrri fund þann 29. Ág. 1963.

Til umræðu vóru verðlagsmál vegna hækkaðra vinnulauna og efnis.

Magnús Jóhannsson tók til máls og hófust almennar umræður. Rætt var fram og aftur um grundvöll til hækkunar og báru menn saman bækur sínar í verðlagningu.

Að lokum tókst samkomulag um verðlagningu á eftirtöldum vörutegundum

1. Eins manns svefnbekkir m/geymsluhólfi Kr: 4290.-
2. Tveggjamanna svefnsófi m/púðum - 7500.-
3. Einsmanns bekkir m/skáp - 5600.-

Tekið er fram að verð þetta er lágmarksverð!

Ásgr. P. Lúðvíksson ræddi næst um frekari [illegible] á verzlunarstigi og bar fundarmenn almennt undir að kaupa [illegible] en það kom fram að til þessa dags höfðu aðeins fáir aðilar greitt fyrir [illegible].

Fleira var ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Ásgr. P. Lúðvíksson

[illegible signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1964, fimmtudag 13. febrúar var aðalfundur Félags húsgagnaverslana haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum og hófst með sameiginlegu borðhaldi kl. 19³⁰.

1. Formaður, Ásgrímur P. Lúðvíksson setti fundinn og stjórnaði honum. Jón P. [illegible] var skipaður fundarritari í fjarveru framkvæmdastjóra Kaupmannasamtakanna, Sveins Snorrasonar, sem ekki gat setið fundinn sökum annríkis.

Formaður flutti skýrslu félagsstjórnarinnar og fjallaði um helstu mál, sem efst hafa verið á baugi innan félagsins á liðnu ári. Hann skýrði frá hlutdeild sinni í samninganefndinni vegna kaup- og kjaradeilu við V.R. á vegum Kaupmannasamtakanna f.h. félagsins, sem lauk með því, að samkomulag náðist um að leggja málið í gerðardóm, sem nú hefur fellt úrskurð sinn um kaup og kjör félagsmanna V.R.
Formaður gat þess, að verðtaflan sú, sem samin var og prentuð samkvæmt ályktun félagsfundar, hefði



nú verið í notkun hjá flestum félagsmönnum um nokkurt skeið og gefið góða raun. Taldi hann það hreinan ávinning fyrir félagsmenn í sambandi við hin vaxandi lánsviðskipti þeirra, að sameiginleg verðtafla sem þessi, skuli nú hafa verið tekin almennt í notkun, þar sem hún ætti að geta fyrirbyggt margskonar misskilning í viðskiptum félagsmanna við kaupendur húsgagna og jafnframt tryggt, að félagsmenn fengju fulla þóknun fyrir þessa þjónustu.

2. Kosning stjórnar:

a). Ásgrímur P. Lúðvíksson var endurkjörinn formaður einróma.

b). Guðmundur Guðmundsson og Magnús Jóhannesson voru endurkjörnir meðstjórnendur.

c). Árni Skúlason og Jón Bjarnason voru endurkjörnir varamenn.

d. Endurskoðendur voru einnig

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endurkjörnir þeir Guðmundur Benediktsson og Gunnar Kristmannsson.

3. Fulltrúi í stjórn Kaupmannasamtakanna, Ásgrímur P. Lúðvíksson, var endurkjörinn og varamaður hans Jón Þ. Stefánsson.

4. Önnur mál:
Rætt var nokkuð um hina nýju reglugerð um lokun verzlana, sem væntanlega kemur til framkvæmda 1. apríl n.k., en samkvæmt henni má hafa húsgagnaverzlanir opnar einn dag í viku til kl. 22⁰⁰. Ákveðið var, að fram færi athugun á því, hvort mánudagar eða föstudagar væru heppilegri til afnota í þessu skyni.

Ragnar Björnsson hóf umræður um það, með hvaða hætti koma mætti fram bótakröfum á hendur húsgagnaframleiðendum vegna gallaðra vara, sem hann taldi allmikil brögð að. Kvað hann mikinn kostnað samfara því að fá



lagfæringu á gölluðum vörum hjá framleiðendum og tæki oft mikinn tíma að koma því í kring.
Jón Bjarnason og Magnús Jóhannesson tóku undir þessi orð Ragnars Björnssonar.
Guðmundur Guðmundsson taldi megin hafa verið tregða til bóta á gölluðum vörum. Fannst honum eðlilegt, að framleiðendur bæri lagfæringu á göllum, eða seljendur greiddi hins vegar flutningskostnað í þessu sambandi.
Jón Bjarnason og Guðmundur Guðmundsson töldu einna mestan kostnað fólginn í gölluðu áklæði, sem mikil brögð væri að.
Jón P. Jónsson taldi límingar einna erfiðastar viðfangs og var Ragnar Björnsson sammála honum í því. Hvað lím og límingar snerti, væri reynslan sú sama í Danmörku.
Ragnar Björnsson stakk upp á því, að stjórninni eða sérstakri nefnd yrði falið að athuga málið.
Jón P. Jónsson kvað eðlilegast, að seljendur önnuðust samskipti við kaupendur, en framleiðendur viðgerðir.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt var að fela stjórn fél-
agsins að skrifa bréf til framleið-
enda vegna gallaðra vara, og að
það yrði gert í samráði við fram-
kvæmdastjóra Kaupmannasamtakanna
sem lögfræðings.
Guðmundur Guðmundsson ræddi
um afstöðu félagsmanna til vara,
sem kaupendur óska eftir að skila
aftur einhverra hluta vegna, og
hvort menn endurgreiddu skilaðar
vörur eða afhentu viðskiptamanni
kredit-nótu. Virtust félagsmenn
sammála um að endurgreiða
slíkar vörur ekki.
Ennfremur ræddi Guðmundur Guð-
mundsson um söluskattinn eftir
hækkun hans, einkum reglugerðar-
ákvæðin um innheimtu hans.
Taldi hann ástæðu til, að athugun
færi fram á því, hvort möguleikar
væru á gjaldfresti á söluskatti vegna
vara, sem seldar eru gegn gjald-
fresti um lengri eða skemmri tíma,
þar sem skatturinn mundi nú auka
erfiðleika verzlananna eftir síðustu
hækkun, ef skilyrðislaust bæri að
greiða söluskatt af öllum seldum
vörum eftir hvern ársfjórðung. Kvað



hann fulla ástæðu til að hafa
samband við seljendur heimilis-
tækja, sem einnig selja vörur
þessar með svipuðum afborgunar-
skilmálum og húsgögn.
Sagðist hann vita til þess, að í Noregi
væri litið svo á, að sala hefði ekki
farið fram, fyrr en varan væri
að fullu greidd, og væri þetta
sjónarmið tekið þar til greina
við greiðslu söluskatts þar.
Ákveðið var að kjósa nefnd til að
ræða við fjármálaráðherra og toll-
stjóra um greiðslu söluskatts
af vörum, sem seldar eru með
afborgunarskilmálum. Í nefnd
þessa voru kjörnir, Guðmundur
Guðmundsson, Jón Bjarnason og
Jón Þ. Þórðarson.
Jón Bjarnason ræddi nokkuð um
fjárhagsvandræði húsgagnaverzlana
og tregðu bankanna til að kaupa
afborgunarvíxla af félagsmönnum
og létta þannig undir með þeim
með tilliti til hinna víðtæku
lánsviðskipta í þessari grein.
Nokkrar umræður urðu um málið
og voru menn sammála um, að
svo virtist, sem bankarnir og stjórnar-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

völdin virðast vera því mjög mótfallin að greiða á einn eða annan hátt fyrir lánveitingum í byggingum.
Guðmundur Guðmundsson taldi mál þetta hafa verið rætt í sambandi við það, að Seðlabankinn hafi upp endurkaups víxla iðnaðarfyrirtækja, sem verið hefur til athugunar um nokkurt skeið hjá stjórnarvöldunum.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 22⁴⁵.
Sign. Ó. [illegible]



Fundur haldinn í félagi H.S. fimmtud. 3/9.64

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Almennur fundur. Miðvikud. 1/11 64
kl. 11 fyrir hádegi. Fundarefni lokunarmál nánar til tekið að halda húsgagnaverzlununum ~~til~~ opnum til kl. 10 á föstudagskvöldum. Formaður skýrði það ástand, sem er og þá punkta sem komið hafa fram á fundum í stjórn kaupmannasamtakanna

Tillaga frá Herði Péturssyni að halda opnu til kl. 10 á föstudögum fram til jóla og auglýsa það sameiginlega frá samtökunum var samþykkt samhljóða.

Magnúsi Jóhannssyni var falið að sjá um að auglýsa þessa samþykkt í útvarpi

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 12.

[illegible signature]



Fundur var haldinn í Félagi húsgagnaverzlana í fundarsal K. Í. að Klapparstíg 26. miðvikudaginn 13 janúar kl. 6 e. h.

I mál: föstudagsopnun húsgagnaverzlana, - kvöldopnun.
Fjörugar umræður urðu um málið. Samþykkt var með öllum atkvæðum að ræða við V. R. um það að loka á laugardögum á sumrin í júní, júlí og ágústmánuði en fólkið inni tímann af sér yfir vetrarmánuðina með lengri vinnudegi t. d. á föstudögum.

Þjármanna nefnd var kosin í málið, og skipa hana þeir Guðmundur Guðmundsson Trésmiðjunni Víðir, Ragnar Björnsson Húsgagnaverzlun Austurbæjar og Hörður Pétursson.

II. mál: Vaxtataflan. Samþykkt var að formaður athugaði ásamt framkvæmdastjóra samtakanna hvort æskilegt væri að búa til nýja vaxtatöflu.

III. mál. Lágmarks útborgun við húsgagnakaup. Ákveðið var að samþykkja enga ákveðna lágmarksútborgun, en tillaga frá

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóni Hjartarsyni, um það að gefa ekki afslátt, sé um lægri viðskipta upphæð að ræða en tveggja þúsund krónur, var samþykkt samhljóða.

<u>IV. mál:</u> Pökkunarkostnaður:
Miklar umræður urðu um málið, en engin ákvörðun tekin.

Ásg. P. Lúðv.



Fundur haldinn í félagi húsgagnaverzlana 8/4 '65. í húsi Kaupmannasamtakanna að Marargötu 2.
I. mál: Vaxtatöflur
II mál: Opnunartími sölubúðanna
Magnús Jóhannsson upplýsti hvernig fjárafli og fjárhagur fyrirtækisins stæði.
Gengið var til kosninga í stjórn félagsins og var formaður, Ásgeir P. Lúðvíksson endurkosinn með öllum greiddum atkvæðum.
Aðrir í stjórn voru kjörnir
Guðmundur Guðmundsson,
Magnús Jóhannsson,
Óskar Guðmundsson og
Jón Hjartarson, og voru þeir tveir síðastnefndu nýir.
Guðmundur Guðmundsson sagði frá því að gerð hefði verið tilraun til að vinna skilning stjórnarvalda á vægari innheimtu söluskatt. Taldi hann að vert væri að halda tilrauninni þessari áfram.
Skipuð var nefnd þriggja manna, þeirra Guðmundar Guðmundsson,
Magnúsar Jóhannsson, og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóns Hjartarsonar til að athuga möguleika til þess að fá leyfi til að hafa opið til kl. 10 á mánudögum föstudögum á haustin.

Ásgrímur P. Lúðvíksson gat þess í lokin að hann vonaðist eftir að sjá fundarmenn samankomna á ný mjög bráðlega. Ekkert var út umræðu um vaxtamálin.

Jón Hjartar.



Fundur haldinn í félagi húsgagnaverzlana 7/10 '65.

Tilefni fundarins: kostnaður við útsendingu húsgagna. 11 kaupmenn mættu af 19.

Lagt var til að innheimta kr. 50.- í útsendingarkostnað af vörum sem ekki er gefin afsláttur af en annars 100.⁰⁰

Þetta var samþykkt, með 10 atkvæðum gegn 1.

Talið var rétt að fela Kaupmannasamtökunum að auglýsa þessa samþykkt og láta hana síðan koma til framkvæmda.

Næst var tekið fyrir mál sem varðaði sendingar út á land, svo sem pökkunarkostnaður og tryggingar á vörum. Samþykkt var samhljóða að taka 2% í pökkunarkostnað af sölu.

Þá var rætt um kvöldsölumálið. Komu fram þrjár tillögur, að hafa opið frá 8-10, frá 7-9, frá 7-10.

Var borið undir atkvæði að hafa opið til 10 og voru 8 með 3 á móti og skilaði einn ~~séraatkvæði~~ séráliti, þ.e.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a.s. að hafa opið frá 8-10.
Var samþykkt að þessi opnunarregla gilti frá 1/10 til jóla.
Tillaga að hafa lokað milli 7-8 var borin undir atkvæði og felld með 4 á móti 3.

Að lokum var ákveðið að halda annan fund í næstu viku.
Var fundi síðan slitið

Jón Hjartar



Fundur haldinn í félagi húsgagna kaupmanna. 9/9 '65.
Fundarefni verðlagsmál.
Rætt var fyrst á eldra mál þ.e. innpökkunarkostnað og heimsendingarkostnað.
Stungið var uppá að taka 50 kr fyrir sendingu á vörum að verðmæti allt að kr 5000.- sölu. þessi tillaga var samþykkt samhljóða.
Stungið var uppá að gera skema yfir hvað taka skuli í pökkunarkostnað af hverjum hlut sem senda skal.
Kosin var nefnd til að útbúa nýja vaxtatöflu og lista yfir útsendingar og pökkunar-kostnað. Ákveðið var að biðja Magnús Jóhannsson, Árna Jónsson og Óskar í Húsgagnaverzlun Reykjavíkur að gera þessa töflu og skemað.
Borið var undir Jón Björnsson hvort samþykkt var um ~~[illegible]~~ föstudagsopnun á síðasta fundi færi í bága við vilja annara. Jón sagði

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málið í lagi gagnvart borgarstjórn en gagnvart V.R. gæti annað verið uppi á teningnum. Taldi Jón að V.R. myndi vera á móti opnun til 10.
Borin var tillaga að fela skrifstofu Kaupmannasamtakanna að undirbúa þetta mál. Var sú tillaga samþykkt.
Þá var aðalmálið tekið fyrir.
Magnús Jóhannsson skýrði frá því að meiningin væri að fá framleiðendur til að ætla kaupmönnum annan álagningu er næmi 40% á eða 38% af. Var þá komið til að þeir er hafa verðskrá ákveðna gefu 3% af í viðbót við afslátt þann er fyrir var, en þeir sem sýndu nettó verð ~~til~~ myndu að vísu ekki breyta verði sínu heldur bindust kaupmenn samtökum um að hækka lágmarksálagningu sína



4%. Þannig að ef hún hefur verið 30% þá verði hún 34%.
Sú tillaga var borin fram að leggja á eina lágmarksálagningu er nemi ca 40% + 7.8% söluskattur eða eina álagningu 50%. Tillagan var samþykkt með 7 á móti 1.
Átta menn voru mættir á fundinum.
Stungið var upp á því að Guðmundur Guðmundsson og Ásgrímur P. Lúðvíksson teiknuðu þessa samþykkt fyrir þeim meðlimum sem ekki mættu á fundinum.
Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Jón Hjartar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur haldinn í fél. húsgagnakaupmanna
að Marargötu 2 fimmtudaginn 7. okt. kl. 20:30
Mættir voru á fundinn 11 félagar.
Á dagskrá voru verðlagsmál.
Formaður fél. Ásgr. P. Lúðvíksson hóf
máls og minntist á væntanlega verð-
hækkun á húsgögnum, einnig heim-
sendingarkostnað og gjald fyrir innpökkun.
Óskar Guðmundsson lagði fram mjög
vel unna verðtöflu á yfir kostnað
við innpökkun, einnig gjaldskrá
yfir heimsendingarkostnað.
Félagar ræddu um framlagða
gjaldskrá og hafðar voru til hliðsjónar verð-
töflur annara verzlana varðandi heim-
sendingargjald. Umræður snerust talsvert
um álagningarhækkun á húsgögnum og
voru fundarmenn á einu máli með að það
væri fyllilega tímabært til að mæta auknum
kostnaði. Samþykkt var með öllum greiddum
atkvæðum að hækka öll húsgögn um 10%.
frá og með 11. október 65 einnig var
samþykkt verðtafla á yfir innpakkanir
og heimsendingarkostnað sem Óskar Guðmundss.
lagði fram. Rædd voru ýmis hagsmunamál
félagsins og var fundi slitið kl. 22:15
fundarritari Hörður Pétursson



Fundur haldinn í fél. húsgagnakaup-
manna að Hábæ 25/3, föstudag.
Ásgrímur P. Lúðvíkss. formaður
félagsins setti fundinn og bauð
menn velkomna og ræddi síðan
í stuttu máli nokkur atriði sem
athugað höfðu verið á tíma-
bilinu. Hann benti á nauðsyn
þess að menn gerðu samtaka
um að halda allar samþykktir
félaganna. Ásgrímur drap á það vanda
mál að í samkeppni við kaup-
menn starfaði verksmiðjuútsala
á húsgögnum sem á engan
hátt virtist bundin af sömu
lokunar-~~[illegible]~~ reglugerðunum og aðrir kaup-
menn í Reykjavík.
Gengið var til kosninga í stjórn félagsins
og var Ásgrímur P. Lúðvíksson
endurkosinn í stjórnina formaður
Tveir menn áttu að ganga út
og voru þeir Magnús Jóhannsson
og Guðmundur Guðmundsson. Þeir
voru kjörnir áfram svo og Óskar Guðmundsson,
og Jón Hjartarson. Varamenn í stjórn
voru kosnir Aðalsteinn Hallsson
og Guðmundur Daníelss.
Þá var kosinn fulltrúi félagsins

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá K.Í. og var Ásgrímur P. Lúðvíks-
sson einróma kjörinn.

Þá var borin fram tillaga
svo hljóðandi.

Aðalfundur Félags húsgagnakaupmanna
haldinn föstudaginn 25. maí 1966,
lýsir ánægju sinni yfir þeirri stefnu
núverandi ríkisstjórnar að gera
verzlunina frjálsa og lækka óeðli-
lega háa ~~tolla~~.

Fundurinn skorar á Kaupmanna-
samtök Íslands að beita sér fyrir því
að innflutningur húsgagna verði
gefinn frjáls og verðlagsákvæði
á þeim verði afnumin. Jafnframt
bendir fundurinn á nauðsyn þess
að lækka innflutningstolla á
húsgögnum, sem nú eru svo háir
að þeir jafngilda innflutningsbanni
á mörgum tegundum húsgagna.

Mikil andúð fundarmanna á
þessari tillögu varð strax augljós.
Páll Þorsteinsson taldi undarlegt
af stjórn félagsins að leggjast á
móti sér sjálfri, þ.e.a.s. ~~með því~~
að gleyma hagsmunum iðnaðarins
því á þessum fundi væru iðnaðar-
menn en ekki kaupmenn.



Þá tók til máls Sigurður Magnússon
og talaði um nokkur vandamál
kaupmanna. Meðal annars drap
hann á heimsendingargjöld þau er
kaupmenn leggja á vörukaup
sérstaklega. Sagði hann sig vera
sannfærðan um að slíkum gjöldum
verði hægt að koma á og að
er tímar líða fram myndu
þau verða álitin sjálfsögð af
öllum hlutaðeigandi aðilum.
Hann sagði einnig að hans afstaða
til tollavandamála væri að
tollar yrðu lækkaðir þannig að
fullt tillit væri tekið til aðlögunar
vandamála innlendra fyrir-
tækja, en taldi þó að stefna
kaupmanna sem slíkra ætti að
vera sú að ~~kaupmenn~~ tollar
yrðu lækkaðir. Hann lagði
að síðustu til að tillagan yrði
samþykkt með viðauka fyrir
iðnaðarmenn.

Þá tók til máls Hjörtur Jónsson og
lýsti sig fylgjandi tillögunni eins
og hún var borin fram en sagði
að hann vildi á engan
hátt standa í vegi fyrir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mönnum á fundinum og meiri hluta hans. Þá tók til máls Magnús Jóhannsson og taldi að rétt væri að félagið beitti sér fyrir lækkun á tollum ~~til~~ á hráefnum til húsgagnaiðnaðarins.

Mikill kurr var á fundinum út af tillögunum og kom stjórnin fram með nýja tillögu svo hljóðandi:

Aðalfundur Félags húsgagnakaupmanna, haldinn föstudaginn 25. marz 1966, lýsir ánægju sinni yfir þeirri stefnu núverandi ríkisstjórnar að gera innflutningsverzlunina frjálsa. Samkvæmt því skorar fundurinn á Kaupmannasamtök Íslands að beita sér fyrir því að innflutningshömlum og verðlagsákvæðum á húsgögnum verði aflétt.

Góður rómur var gerður að þessari tillögu og var hún samþykkt með öllum atkvæðum samhljóða.

Þá kom fram á fundinum tillaga



frá Magnúsi Jóhannssyni að félagsmenn greiddu 1000.- á ári í sameiginlegan sýningarsjóð. Þá kom einnig fram sú uppástunga að Páll Þorsteinsson aðstoðaði við innheimtu þessara framlaga.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá og var fundi slitið.

Jón Hjartar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur haldinn að Marargötu þann 31/5.'66.
Til umræðu voru verðlagsmál erlendra vara. Ákveðið var að benda viðskiptamálaráðherra á ýmiss rök með því að hækka álagninguna á innflutt húsgögn og voru Ásgrími P. Lúðvíkssyni og Jóni Hjartarsyni beðnir um að gera þetta.
Fleiri mál voru ekki rædd og var fundi slitið.

Jón Hjartarson



Fundur haldinn að Marargötu 2 2/6/66.
Á dagskrá voru verðlagsmál erlendra vara. Reifaði Jón Hj. málið og komu fram ýmsar góðar tillögur frá fundarmönnum.
Annað mál á dagskrá var sala framleiðenda til hinna endanlegu neytenda á lægri verðum en verzlanir geta boðið. Tillaga kom fram frá Á. P. Lúðvíkssyni að fela Magnúsi Jóhannss., Erlingi Halldss., Herði Péturss., og Jóni Hjartarsyni að athuga þessi mál.
Þriðja mál sem rætt var var um opnunartíma verzlana á laugardögum í ágúst, þ.e.a.s. hvort samstaða væri fyrir hendi um að ~~loka~~ hafa lokað á þessum dögum. Fundarmenn lögðust á móti því.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið.

Jón Hjartarson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur haldinn að Marargötu 2 21/9/64.

Fyrsta mál á dagskrá var staðgreiðsluafsláttur verzlana. Fundarmenn voru sammála um að binda sig við 5% afslátt og lofaði stjórn félagsins að tala við þá sem ekki mættu á fundinum og fá þá til að samþykkja áðurnefnt samkomulag.

Annað mál á dagskrá var um lokunartíma verzlana. Féllust fundarmenn á að hafa ekki opið lengur framvegis en venja er til allt að byrjun desember, en ákveða síðar hvað þá skal verða.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá og var fundi slitið.

Jón [signature]



7. aðalfundur félags húsgagnakaupmanna var settur þann 28/4 67 af Ásgrími P. Lúðvíks., formanni félagsins. 13 félagsmenn voru mættir og gestir fundarins þeir Sigurður Magnússon og Jón Bjarnason frá Kaupmannasamtökum Íslands.

Ásgrímur P. L. hóf mál sitt og bauð fundarmenn velkomna. Hann nefndi síðan tvö mál sem ofarlega eru á baugi, það álagningarmál erlendra vara og staðgreiðsluafslátt. Bað hann Magnús Jóhannsson að hefja umræður um afsláttarmálin.

Magnús bað fundarmenn að koma með möguleika á að finna lausn á þessu máli þannig að menn gætu við unað og ~~staðið~~ staðið við samþykktir sínar. Aðalsteinn Hallsson bar fram fyrirspurn til formanns um hvort Valbjarkarmenn væru í félaginu. Talið var að þeir væru það auk þess sem að búist hafði verið við þeim í aðal-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fund þennan.
Fundarmenn tóku nú almennt að ræða saman um afsláttarmálið, og kom þá fram að menn hafa áhuga á að binda þennan afslátt við 5%, en báru þó þann beyg í brjósti að ekki væri unnt að fá heildina til að standa við að gefa ekki hærri afslátt þeim kúnnunum sem sækja fast á.
Sigurður Magnússon greindi frá fundi í félagi raftækjaverzlana sem fjallað hafði um svipuð vandamál.
Fundarmenn ræddu og um útkeyrslugjöld og pakkningarkostnað.
Hjalti G. Kristjánsson stakk þá upp á því að menn heyrðu hvað stjórn félagsins hafi gert í þessum málum og óskaði og að skýrt yrði frá reikningum félagsins.
Ásgrímur P. Lúðvíksson varð fyrir svörum og sagði að lítið hafi verið gert, enda fáar beiðnir hefðu komið fram



frá félagsmönnum.
Hjalti G. Kristjánsson taldi að betra væri að stjórnin undirbyggi sig betur fyrir fund sem þennan, svo að meira gagn væri unnt að hafa af honum.
Var þá gengið til kosninga. Úr stjórn áttu að ganga Óskar Guðmundsson og Jón Hjartarson.
Formaður félagsins Ásgr. P. Lúðv.s. var einróma endurkjörinn. Stjórn félagsins var að öðru leiti óbreytt nema að Erlingur Hallsson var kjörinn nýr og Jón Hjartarson endurkjörinn.
Í varastjórn voru kjörnir Árni Jónsson og Hörður Pétursson.
Endurskoðendur voru kjörnir Páll Ásteinsson og Guðmundur Daníelsson.
Þá var kjörinn Jón Hjartarson sem fulltrúi félagsins hjá Kaupmannasamtökum Íslands, en formaður var sjálfkjörinn. Varamaður var kosinn Guðmundur Guðmundsson.
Þá er fundarmenn höfðu snætt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá kvaddi Sigurður Magnússon
sér hljóðs og ávarpaði fundarmenn
og útskýrði þá innra eðli
heildarsamtakanna, störf
þeirra og áhugamál sín.
Sigurður bað fundarmenn að
minnast þess að hverjum félags-
manni sem eitthvað vanda-
mál hefur fram að bera má
leita til skrifstofunnar hvenær
sem er, og eru þeir beðnir
um að koma.
Sigurður sagði frá ýmsu sem á
hefur verið gert og sem er stend-
ur til að gera svo að fundar-
mönnum mætti vera
ljóst að enn mætti búast
við batnandi og frjálsari
tímum.
Var Sigurði þakkað með
dynjandi lófataki og góður
rómur gerður að hans máli.
Þá tóku ýmsir fundarmenn til máls
um áhugamál sín, svo sem
álagningarmál, skattamál,
útlánaskerðing o. m. fl.
Bent var á hve ósanngjarnt
það væri gagnvart inn-



lendum húsgögnum að binda
álagninguna innfluttra
húsgagna við óraunverulega
lága álagningu á þau
innfluttu, sem að sjálf-
sögðu gera þau oddýrari en
þau ella yrðu.
Hjörtur Jónsson bar fram
eftirfarandi tillögu.
Aðalfundur húsgagnakaupa-
manna, haldinn 28/4 1967
skorar á fulltrúa kaupmanna-
samtakanna í stjórnskipaðri
nefnd um verðlagsmál
að beita sér fyrir því að
álagning á innflutt hús-
gögn verði gefin frjáls eða
til vara að álagningar-
taxtarnir verði hækkaðir
verulega.
Tillögumenn voru Hjörtur
Jónsson og Hjalti Geir Krist-
jánsson.
Fundi var síðan slitið

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur haldinn að Marar-
götu 2 þann 8/6 '64, að ósk
eins meðlims félagsins.
Á dagskrá: afsláttarmálin.
Magnús Jóhannsson reifaði
málin og gat þess að ein
verzlun hér í bæ, þ.e.a.s.
Vallbjörk í Langavegi gefi
nú 10% staðgr. afsl. sem
reglu. Magnús bað nú
fundarmenn ræða alvarlega
og af einlægni hvað gera
skuli, gefa 5% afsl. sem
reglu eða gefa 10%, eða
sleppa.
Árni Jónsson gat þess að það
ætti að útiloka félagið að menn
gætu staðið við samþykkt
sína.
Á fundinum kom fram
sú tillaga að athuga
með stjórn Kaupmanna-
samtakanna hvort unnt
væri að gera staðgr. kaup
í verzlunum, og þannig
standa að aðhaldi. Til-
laga þessi var samþykkt
einróma og ákveðið að



senda félagsmönnum bréf
um þessi mál.
Á fundinum voru 9
félagsmenn.

Jón…

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1967. - Mánudaginn 21. ágúst var haldinn félagsfundur í Félagi Húsgagnaverzlana, á skrifstofu K.Í. kl. 8½. - Fundinum stjórnaði formaður félagsins, Ásgrímur P. Lúðvíksson.

Dagskrá:

1. Formaður skýrði tilefni fundarins, sem var að fjalla um sívaxandi og óeðlilega mikinn afslátt, sem gefinn er hjá húsgagnaverzlunum.
Jafnframt minnti formaðurinn á og vitnaði í bréf, sem þar til kjörin nefnd sendi öllum félagsmönnum 20. júní s.l. Þess er þó að geta, að mest mun vera um hinn óeðlilega afslátt hjá aðilum utan félagsins.

Ræddu fundarmenn þetta mál ýtarlega, skýrðu sjónarmið sín og reynslu í þessum efnum. Kom greinilega fram, að meðal félagsmanna munu mál þessi vera með eðlilegum hætti.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Sig. [illegible]

Ásgr. P. Lúðvíksson



Ár 1967. - Föstudaginn 1. des. var haldinn fundur í stjórn Félags Húsgagnaverzlana á skrifstofu K.Í. kl. 16.00. - Mættir voru undirritaðir stjórnarmeðlimir.

Dagskrá:

1. Framkvæmdastjóri K.Í. skýrði frá atburðum undanfarna daga varðandi verðlagsmál og þeim verðstöðvunum ~~aðgerðum~~, sem framundan væru á því sviði. - Ræddu stjórnarmeðlimir þessi málefni mjög ítarlega með sérstöku tilliti til þeirra viðamiklu breytinga sem framundan væru.
Var þeim Jóni Hjartarsyni og Guðm. Guðmundssyni falið að ræða við framkvstj. K.Í. til aðstoðar í framvindu þessara mála.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Ásgr. P. Lúðvíksson. Sig. [illegible]
Jón Hjartarson.
Guðm. Guðmundsson. Ragnar [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Aðalfundur Félags Húsgagnakaupm.
haldinn Föstudaginn 29/3 1968 í Snorrabúð
Hótel Loftleiðum kl. 7.30

Formaður fél. setti fundinn og bauð félaga
velkomna. Mættir voru 16 félagar.

Form. fél. Ásgr. P. Lúðvíksson gerði laus-
lega grein fyrir skýrslu stjórnar, fór ekki
út í einstök mál, taldi rétt að þau væru
frekar rædd á alm. félagsfundum.

Formaður benti á að formaður ásamt
1 öðrum fulltrúa ætti sæti í

Formaður ræddi um þann misrétt
sem kaupmönnum var beitt er gengis-
felling varð, og einnig þann vanskilning
sem verðlagsnefnd hefur sýnt í verki
viðurkenndi álagsprósentu húsgagnaverzl.
á innflutt húsgögn séu í lagi.

Gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum
sem liggja þó aðallega fyrir hjá aðal samt.
kaupmanna, Páll Þorsteinsson gerði grein
fyrir aukagjaldi því sem húsgagnakaupm.
hafa greitt og þeim kostnaði sem til hefur
fallið til greiðslu á árinu. Hjalti Geir
ræddi málið á að heppilegra væri að
gjaldkeri hefði fastara mat á reikningum
innan félagsins, þótt svo að aðalbókhald
væri hjá skrifstofu kaupmannasamtakanna
Ýmsir félagar tóku til máls um fjármál



sem snerta félag húsgagnakaupmanna.

Kristján Sigurðsson bar fram tillögu
um að ákveðin kr. upphæð væri höfð
sem árgjald og vildi að sú upphæð væri
kr. 300.- á ári og sjá til hvað sú upphæð
dygði til þeirra útgjalda sem til fellu á
árinu, ef þetta árgjald reyndist of lágt
væri sjálfsagt að endurskoða það á ári
hverju. Fleira gerðist ekki ~~á~~ undir um-
ræðum um fl. mál og var gengið til
stjórnarkjörs. Þar sem formaður Ásgr. P.
Lúðvíksson hafði eindregið [óskað] eftir að vera
ekki lengur formaður fél. ~~var~~ en óskaði eftir
að formaður yrði kosinn Guðm. Guðmundsson
var hann samþykktur með allra atkvæðum

Magnús Jóhannsson Gjaldkeri
Ásgr. P. Lúðvíksson meðstjórnandi
Axel Jónsson meðstjórnandi
Aðalsteinn [illegible] Varamaður
Hörður Pétursson Varamaður

Gengið var til kjörs aðalfulltrúa til
kaupmannasambands Ísl.

Það skal tekið fram að Form. fél.
er annar tveggja sem sæti eiga sem
aðalfulltrúi og var fráfarandi formaður
kosinn sem annar fulltrúi félagsins.

Endurskoðendur voru kosnir
Guðm. Daníelsson og
Páll Þorsteinsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir stjórnarkjörið tók til máls
Jón Hjartarson. Færði hann greinir
fyrir þeim störfum sem hann hefur unnið
á árinu. Sérstaklega benti hann á að hann hefði
unnið mikið í sambandi við álagningar
á innflutt húsgögn og skoraði á hina
nýju stjórn að halda baráttunni áfram
því svo lág væri álagningin að hvað
svo lítið sem áunnist væri sigur.
Fráf. formaður þakkaði Jóni fyrir-
tímabær orð og vonaði að félagsmenn
stæðu saman um hagsmunamál
félagsmanna. Hinn nýji form. Guðm. Guðm.
þakkaði það traust sem honum var sýnt
með að kjósa hann sem formann og vonaði
að honum tækist að vera eins farsæll í
starfi og fyrirrennari hans sem hann
taldi að hefði unnið ómetanlegt starf.
Síðan hófust frjálsar umræður og
hélt Jón Hjartarson fróðlega tölu um
þann hráefnaskort og framleiðslu erfiðleika
sem framleiðendur verða við að eiga.
Ýmislegt fleira var til umræðu, sérstak-
lega í sambandi við stórframleiðslu og
þótti til sitt hvað, samt sem áður stór-
athyglisvert málefni. Fráfarandi formaður
þakkaði félagsmönnum fyrir góða samvinnu
á undanförnum árum og jafnframt fyrir



það traust sem honum hefur verið sýnt á undan-
förnum árum. Fráf. form. Ásgr. P. Lúðvíksson
óskaði hinum nýja formanni félagsins
Guðm. Guðmundssyni gengi og gæfu í hinu
nýja starfi og vonaði að hann næði hverjum
þeim áfanga, sem til heilla yrði fyrir
samtökin í komandi framtíð.
Fleira var ekki til tekið á fundi þessum
og sleit formaður fundi kl. 22

Hörður Pétursson
ritari fundarins.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1969. Fimmtudaginn 31. okt. var haldinn félagsfundur í Félagi Kjötverzlana á skrifstofu K.Í. kl. 15³⁰.

Fundinum setti og stjórnaði formaður félagsins, Guðmundur Guðmundsson.

Dagskrá:

1. Formaður gat þess að mismunandi álit hefði komið fram um, hvernig haga skyldi lokunartíma verzlana og óskaði eftir áliti fundarmanna þar um.
Ræddu fundarmenn þetta ítarlega og voru allir á einu máli um, að engin ástæða væri til að breyta opnunartíma verzlananna frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi kjarasamningum og hentast væri til um að hafa samband við alla félagsmenn um þetta atriði og einnig að hafa samráð við aðrar sérgreinar.

2. Formaður greindi frá þeirri hugmynd sem fram hefði komið um stofnun stofnlána- eða rekstrarlánasjóðs og sömuleiðis greindi framkvæmdastjóri K.Í. frá þeirri reynslu sem fengin er af slíkri starfsemi á vegum matvöru- og kjötkaupmanna.
Lýstu menn sig fylgjandi því, að



þetta yrði kannað nánar og voru kjörnir í nefnd til að vinna að frekari athugun málsins: Guðmundur Guðmundsson, Þorsteinn Lúðvíksson og Magnús Jóhannsson.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Sig. Magnússon.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1969. – Miðvikudaginn 19. febr. var haldinn félagsfundur í Félagi Húsgagnaverzlana kl. 15⁰⁰ á skrifstofu Kaupmannasamtakanna, Marargötu 2. Fundinn setti og stýrði formaður félagsins, Guðmundur Guðmundsson.

Bauð hann sérstaklega velkominn til fundarins skattrannsóknarstjóra Ólaf Nílsson, sem mættur var á fundinum til að gera nokkra grein fyrir túlkun reglna bókhaldslaga frá s.l. áramótum.

Dagskrá:

1. Skattrannsóknarstjóri gerði stuttlega grein fyrir hinum helztu nýjungum í bókhaldslögunum frá hinum eldri lögum.
Sagði skattrannsóknarstjóri að megin breytingin væri e.t.v. fólgin í því, að áformað væri að fylgja því meir eftir en áður var, að bókhald <u>yrði</u> framkvæmt á þann veg sem ætlast væri til skv. lögunum.
Jafnframt óskaði hann eindregið eftir skoðunum fundarmanna og að þeir gerðu fyrirspurnir um atriði, er þeir teldu gefa tilefni til frekari útskýringa.
Báru fundarmenn fram fjölmargar fyrirspurnir, er skattrannsóknarstjóri ~~svar~~ svaraði jafnóðum eftir því sem tilefni gafst til.



2. Rætt um nauðsyn Stofnlánasjóðs á vegum félagsmanna og lá fyrir fundinum uppkast að lögum fyrir sjóðinn svo og áætlun um tekjuöflun fyrir sjóðinn, er undirbúningsnefnd, kjörin á félagsfundi 31. okt. s.l., hafði útbúið.
Gerði framkvæmdastjóri K.Í. jafnframt nokkra nánari grein fyrir undirbúningnum svo og því sem gerst hafði á þessu sviði hjá öðrum sérgreinafélögum.
Lýstu menn sig mjög hlynnta þessu máli og var samþ. að senda lagauppkastið þeim félagsmönnum, sem ekki voru mættir á fundinum.
Frekari ákvörðun verður tekin síðar.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Sig. Magnússon

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1969. – Fimmtudaginn 1. maí var haldinn aðalfundur Félags Húsgagnaverzlana að Hótel Loftleiðum, Snorrabúð, kl. 20$^{30}$. –
Formaður félagsins, Guðm. Guðmundsson, setti fundinn og tilnefndi sem fundarstjóra Ragnar P. Lúðvíksson og fundarritara Sig. Magnússon. – Var það einróma samþykkt sem tillaga. – Áður hafði formaður tilnefnt Magnús Jóhannsson sem „veizlustjóra".

Nokkru fyrir fundinn, eða kl. 18$^{00}$ höfðu félagsmenn komið saman á skrifstofu Kaupmannasamtakanna, Marargötu 2, og þegið þar góðar veitingar í boði félagsins.

Á aðalfundinum gerðist þetta:

1.) – Skýrsla formanns: Guðm. Guðmundsson greindi frá helztu viðfangsefnum, sem stjórn félagsins hafði fjallað um á s.l. starfsári. – Jafnframt fjallaði formaður í skýrslu sinni um ástandið í verzluninni almennt, inn- og útflutningsmál, greiðsluþrengingar o.fl., og ýmis þessara mála á húsgagnaverzlunina sem stillt.
Þá greindi formaður frá þeirri viðleitni stjórnar félagsins að koma á fót Styrktarsjóði í vegum félagsmanna, á svipaðan hátt og gerst hefur



hjá öðrum sérgreinafélögum innan Kaupmannasamtakanna. – Kvaðst formaður hvorki vilja hvetja né letja félagsmenn í þessu máli, en óskaði gjarnan eftir skoðunum félagsmanna í þessum efnum.

2.) Lagðir fram reikningar félagsins. – Magnús Jóhannsson, gjaldkeri félagsins, las þá og skýrði fyrir fundarmönnum.

Um skýrslu formanns og reikninga tóku til máls Hjalti Geir Kristjánsson og Sig. Magnússon. – Reikningarnir eins og þeir voru framlagðir voru samþykktir samhljóða.

3.) Kosningar:

a) Kjörinn var formaður í einu hljóði og með lófataki Guðm. Guðmundsson.

b) Kjörnir voru meðstjórnendur samhljóða Hjalti Geir Kristjánsson og Ragnar P. Lúðvíksson.

c) Kjörnir voru varamenn samhljóða Aðalsteinn Hallsson og Hörður Pétursson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

d.) Kjörnir voru endurskoðendur samhljóða Guðm. Daníelsson og Páll Þorsteinsson.

e) Kjörinn var fulltrúi í Fulltrúaráð K.Í. samhljóða Ásgr. P. Lúðvíksson og til vara, einnig samhljóða, Hjalti Geir Kristj.son.

4. Önnur mál: Rætt var um ýmis félagsmálefni, án þess að sérstakar samþykktir væru gerðar. – M.a. var rætt um nauðsyn þess, að ófélagsbundnir húsgagnakaupmenn gerðust aðilar að félaginu, svo og óeðlilegan afslátt sem gefinn er af viðskiptunum. Var nýkjörin stjórn hvött til að gera sitt ítrasta til að bæta hag á framangreindum atriðum og greindi formaður í því sambandi frá því sem aðhafst hefði verið í þessum efnum á s.l. ári. – Sömuleiðis var vakin athygli á því, að neytendur virtust hafa möguleika á því að kaupa húsgögn beint frá framleiðendum á sama verði eða jafnvel lægra verði en gefið til verzlana og nauðsyn þess að sporna við slíkum viðskiptaháttum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Sig. [illegible]
Ásgr. P. Lúðvíksson



Ár 1969 – Fimmtudaginn 3. júlí var haldinn félagsfundur í Félagi Húsgagnaverzlana á skrifstofu K.Í., Marargötu 2. kl. 20.00.

Dagskrá:

1. Formaður félagsins, Guðmundur Guðmundsson, setti fundinn og hóf umræður um verðlagsmál. Skýrði hann frá samkomulagi um verðhækkun á svefnbekkjum og skyldri vöru. Einnig taldi formaður ástæðu til að menn væru á varðbergi fyrir þeim hækkunum, sem eru komnar og eru í vændum á hráefnum og aðkeyptum vörum, svo menn færu ekki að selja sér í skaða. – Síðan gaf formaður orðið frjálst.

Magnús Jóhannsson, Verzl. Skeifan, gaf skýringar frá sínum sjónarhóli og bað Aðalstein Hallsson, verzl. Híbýlaprýði, að láta sitt álit í ljósi. Taldi Aðalsteinn að það væri ekki ráðlegt að láta allar hækkanirnar koma fram í einu, ef mögulegt væri.

Urðu um þetta atriði nokkrar umræður og komu fram mismunandi sjónarmið.

Formaður gerði það að tillögu sinni, að kjörin yrði nefnd til að athuga nánar hvaða verðbreytingar hefðu orðið á t.d. 2–4 mismunandi hlutum, en það gæti orðið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að gera mönnum almennt ljósara hvert viðlag er og hvað það þyrfti að vera. Skal nefndin skila áliti fyrir fund, er haldinn yrði innan viku. Í nefndina voru kjörnir Aðalsteinn Hallsson og Haraldur Sigurgeirsson.

2. Formaður ræddi um vexti, heimsendingar-gjald og innpökkun og taldi að eldri samþykktir þar um hefðu verið brotnar, eða að menn hefðu ekki fylgt eftir þeim góðu reglum er á sínum tíma voru settar og voru þýðingarmiklar um afkomu fyrirtækja. Einnig taldi formaður að ekki væri haldin reglan um 5% staðgreiðsluafslátt og munaði það fyrirtækin miklu. Tóku allir fundarmenn til máls um þetta atriði. – Var að lokum samþ. að fresta umræðum um þessi mál til næsta fundar.

3. Formaður ræddi um nauðsyn stofnlána-sjóðs og gat þess, að án almennrar þátttöku væri ekki gagn í slíku fyrirtæki í svo fámennu félagi. Hinsvegar mundi slíkt fjárhagslegt samstarf þjappa mönnum saman og styrkja félagsandann.

4. Samþ. var samhljóða umsókn Verzl. Vallargötu, Ármúla 4, eigandi Haraldur Sigurgeirsson, um aðild



að félaginu.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1969. Miðvikudaginn 15. október var haldinn félagsfundur í Félagi húsgagna-verzlana á skrifstofu K.Í., Marargötu 2, kl. $20^{00}$

Dagskrá:

Formaður félagsins Guðmundur Guðmundsson setti fundinn og tók fyrir fundarefnið „afsláttur af staðgreiðsluviðskiptum", taldi hann að 10% afsláttur væri orðinn svo algengur að það væri varla hægt að standa gegn honum, en þar sem þetta væri of mikið miðað við þá álagningu sem væri, þá þyrfti að finna leiðir til að mæta þeim vandræðum sem af þessu leiddi og kom inn á það, hvort hægt væri að mæta því með hækkun á álagningu. Flestir fundarmenn tóku til máls um málefnið og komu fram margar skoðanir á málinu. Páll Þorsteinsson taldi, að það væri misráðið að hverfa frá 5%. Magnús Jóhannsson taldi möguleika á því, að ef miðað væri við ákveðna upphæð t.d. 20 þúsund væri hægt að viðurkenna hærri afslátt, jafnvel gæti verið um að ræða stighækkandi t.d. 5%, 7% - 10% eftir nánari reglum. Haraldur Sigurgeirsson taldi að hægt væri að fara fleiri leiðir til að mæta kröfu kaupandans t.d., þegar (~~sem krafa um~~) hærri afsláttar væri krafist, gæti verið



heppilegt að bjóða heimkeyrslu án endurgjalds.

Formaður og varaformaður töldu að fundurinn væri tæpast nógu fjölmennur til að gera bindandi samþykkt um málið, þó voru fundarmenn almennt þess sinnis að skjótra úrræða væri þörf, flestum kom saman um, að álagning þyrfti að hækka um minnst 5%.

Magnús Jóhannsson stakk upp á að kosin verði nefnd til að ganga frá föstum tillögum um málið. Haraldur Sigurgeirsson taldi nauðsyn á að miðað væri við vissan dag, sem samkomulag tæki gildi. Magnús Jóhannsson gerði þá tillögu að Haraldur Sigurgeirsson og Ragnar Guðmundsson væru kosnir sem framkvæmdanefnd og mundu þeir þá taka að sér að kanna málið. Nefndin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira var ekki tekið til formlegrar afgreiðslu.

Sleit formaður fundi kl. $9^{45}$.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1970. – Fimmtudaginn 2. júlí kl. 20³⁰ var haldinn Aðalfundur Félags Húsgagna-verzlana að heimili formanns, Vitivöllum við Elliðavatn, en þetta er 10. aðalfundur félagsins.

Formaður, Guðmundur Guðmundsson, setti fundinn og bauð menn velkomna. Tilnefndi hann sem fundarstjóra Magnús Jóhannsson og fundarritara Sigurð Magnússon, framkv.stj. K.Í.

Þetta gerðist:

1. Formaður flutti yfirlit yfir helztu verkefni stjórnar félagsins á s.l. starfsári. Kom hann í þeim efnum all víða við, og drap m.a. á nýgerða kjarasamninga, sem voru undirritaðir í dag, fyrirhugaðar breytingar á innheimtufyrirkomulagi söluskatts, áform um fastari reglur varðandi lokunartíma sölubúða og mörg önnur atriði.

Voru framangreind málefni og ýmis önnur rædd fram og til baka og svöruðu formaður félagsins og framkvæmdastjóri K.Í. fyrirspurnum um þessi málefni eftir því sem efni stóðu til.



2. Fundarstjóri greindi frá því að ekki hefðu verið innheimt nein sérstök gjöld til félagsins umfram félagsgjöldin sem ganga beint til Kaupmannasamtakanna, og því væri ekki um sérstaka reikninga að ræða.

3. Kosningar:

a) Kosinn var formaður Magnús Jóhannsson, en Guðm. Guðmundsson greindi frá, að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs.

b) Kosnir voru meðstjórnendur Guðm. Guðmundsson og Haraldur Sigurgeirsson.

c) Kosnir voru endurskoðendur Guðm. Daníelsson og Páll Þorsteinsson.

d) Kosinn var fulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna Ragnar P. Lúðvíksson og Guðm. Guðm. til vara.

Þessar kosningar voru samþykktar samhljóða.

4. Önnur mál.

Rætt var á víð og dreif um margvísleg félagsmálefni og sameiginleg hagsmunamál. – Kom m.a. fram áhugi á nauðsyn og gagnsemi ýmiskonar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samstöðu meðal félagsmanna. Frá voru þáfarandi formanni einnig þökkuð góð störf í þágu félagsmanna.

Samhliða og að loknu öllu þessu nutu fundarmenn gestrisni og rausnarlegra veitinga Guðmundar Guðmundssonar og konu hans og dvöldust í hinu bezta yfirlæti á heimili þeirra fram eftir kvöldi.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Magnús Jóhannsson  Sig. [illegible]



Ár 1970. Þriðjudaginn 18. ágúst var haldinn stjórnarfundur í Félagi Húsgagnaverzlana í skrifstofu formanns, Hverfisgötu 82.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar.
   - Formaður: Magnús Jóhannsson
   - V. formaður: Guðm. Guðmundsson.
   - Ritari: Bergþórur P. Lúðvíksson.
   - Gjaldkeri: Haraldur Sigurgeirsson.
   - Meðstjórnandi: Hjalti Geir Kristjánsson.

2. Rætt var um félagsfund, er ákveðið var að halda 20. ágúst n.k., en þar verður m.a. rætt um álagningarbreytingu vegna launahækkana og annarra hækkana og einnig um fyrirspurnarbréf Neytendasamtakanna um fyrirkomulag á afborgunarviðskiptum.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1970, fundur haldinn í félagi Húsgagnaverzlana fimmtudaginn 20 ágúst í húsakynnum Kaupmannasamtakanna að Marargötu 2.
Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

Formaður gat þess að einkum væri það 3. mál sem lægju fyrir fundinum en þau væru:

1. Álagningarhækkun.
2. Staðgreiðsluafsláttur
3. Fyrirspurnir til félagsmanna frá Neytendasamtök.

Formaður taldi að hækkun álagningar þyrfti að vera 2-3%, vegna hækkunar á verzlunarrekstri.
Það álit kom fram að um leið og framleiðendur hækkuðu sitt verð myndi krónuleg hækkun verða hjá verzlununum.
Samþykkt var að hækkun álagningar hækka úr 35% í 37% með öllum greiddum atkvæðum.
Næst var fyrir tekið annað mál fundarins.
Rætt var nokkuð um hversu mikill hluti væri staðgreiðsla í heildarsölu og virtist 1/4 til 1/2 vera algengast, svo og að mönnum virtist lánsverzlun fara vaxandi.



Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að staðgreiðsluafsláttur yrði:

1. 5% frá 5-15 þús krónu verzlun
2. 10% frá 15 þús og yfir.

Þetta fyrirkomulag kemur til framkvæmda 1. september n.k. og mun stjórn félagsins hlutast til um að gert verði skilti sem hægt verði að setja upp í verzlununum með þessari samþykkt.
Varðandi lið 3 var álitið nauðsynlegt að svara fyrirspurn neytendasamtakanna, og að hver félagsmaður sem fengið hefur slíkan fyrirspurnarlista svari honum og sendi neytendasamtökunum.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið kl. 10 (22)

Hjalti Geir Kristjánsson
ritari.

Magnús [illegible]

Mánudaginn 21. júní 1971 var haldinn aðalfundur Félags húsgagnaverzlana að Marargötu 2.
Magnús Jóhannsson formaður félagsins setti fundinn og stakk upp á Ásgrími P. Friðrikssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða.
Fundarstjóri tilnefndi síðan Guðmund Ragnarsson fundarritara.
Síðan var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar.
Magnús Jóhannsson flutti skýrsluna og ræddi hann m. a. um afslátt af staðgreiðsluviðskiptum, reglur um sölu með afborgunarskilmálum og innheimtu söluskatts með tilliti til þess. Hann ræddi einnig um samstöðu félagsmanna og félagsmál almennt.

2. Reikningar félagsins.
Gjaldkeri greindi frá því að fjármál félagsins hefðu ekki breyzt frá síðasta aðalfundi og væri því ekki um neina reikninga að ræða.

Að loknum flutningi skýrslna urðu



umræður um einstök atriði þeirra.
Einkum var rætt um staðgreiðsluafslátt og sölu með afborgunarkjörum.
Ennfremur var rætt um heimsendingargjald á húsgögnum.

Samþykkt var að fela stjórn félagsins og kanna möguleika á álagningarbreytingu og upptöku heimsendingargjalds og verði það borið undir félagsmenn á komandi hausti.

3. Kosningar:
Formaður var endurkjörinn Magnús Jóhannsson til eins árs.

Meðstjórnendur voru kjörnir Ásgrímur P. Friðriksson og Hjalti Geir Kristjánsson.

Endurskoðendur voru kjörnir Páll Þorsteinsson og Guðmundur Daníelsson.

Fulltrúi í fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna var kjörinn Ásgrímur P. Friðriksson og varamaður hans Guðmundur Guðmundsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Önnur mál.
Magnús Jóhannsson tók til máls og ræddi um vaxtatöflur og víxlakostnað. Umræður urðu um þau mál og tóku allir fundarmanna til máls. Einnig var rætt um þá gíróþjónustu, sem verið er að koma á fót.

[signature], fundarrit.

Ásgr. P. Lúðvíksson



Þriðjudaginn 12. okt 1971 haldinn fundur að Marargötu 2. Formaður Magnús Jóhannsson setti fundinn kl. 9^10. og setti Ragnar H. Guðmundsson fundarritara.
Formaður tilkynnti að þrír nýir aðilar hefðu gengið í félagið. Húsgagnaverslun Reykjavíkur, Hagsýni og Tryggvi Marinósson Vestmannaeyjum.

1. Fyrst var rætt um opnunartíma á föstudögum voru allir sammála um að breyta ekki opnunartíma.
2. Rætt um afsláttarmál og heimsendingargjald og náðist algjör samstaða í þeim málum.
3. Rætt um ýmis mál, aðstoðarmenn í búðunum og skipst á upplýsingum.

Fundi slitið kl. 10^20.

Ragnar H. Guðmundsson
Magnús Jóhannsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 8. febrúar 1972. Fundur haldinn í Félagi Húsgagnakaupmanna að Marargötu 2.
Fyrsta mál á dagskrá var um opnunartíma sölubúða. Hóf formaður félagsins Magnús Jóhannsson umræður um það mál og vísaði til bréfs frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Fjörugar umræður urðu um málið. Ákveðið var að fresta ákvörðun í málinu til fundar í vor, sem yrði boðaður af formanni um þetta mál.
Annað mál á dagskrá var um verðlagsmál bólstraðra húsgagna, vegna hækkunar á framleiðslukostnaði. Báru fundarmenn saman bækur sínar um þessi mál, en gerðu enga sérstaka samþykkt í málinu.
Þriðja mál á dagskrá var um vaxtakostnað á sölu til viðskiptavina og ákveðið að útbúa spjöld í nýja vaxtatöflu í stíl við breyttar reglur um vexti og stimpilgjöld.

Í lok fundar var rætt um ýmis mál.

Fundi slitið um kl. 10.30

Guðm. Guðmundsson
Erlingur Hallsson
[illegible]
[illegible]
Aðalsteinn Hallsson
Davíð Guðmundsson
Helgi Einarsson
Kristinn Magnússon
Gunnar Jóhannsson



1972 þann 1 júní kl. 21. Fundur haldinn í félagi húsgagnakaupmanna, aðalfundur. Mættir voru 12 félagar.

1. Formaður setti fundinn og las skýrslu stjórnar. Gat formaður þess sem áunnist hefur til hagsbóta fyrir félagsmenn, frá því félagið var stofnað og útskýrði hann þau málefni sem með þurfti. Samþykkt var að reikningar félagsins yrðu lesnir og skýrðir undir liðnum skýrsla stjórnar.

2. Gjaldkeri, Haraldur Sigurgeirsson, las upp reikn. félagsins og upplýsti að í sjóði væri Kr. 4.858.30, en aðalgjöld félagsmanna rynnu til heildarsamtaka Kaupmannasamtakanna og væri þar af leiðandi minna í sjóði en ella.

3. Stjórnarkosning
Formaður, Magnús Jóhannsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Erlingur Hallsson kjörinn formaður með öllum greiddum atkvæðum.
2 menn áttu að ganga úr stjórn þeir Har. Sigurgeirsson og Guðm. Guðmundss.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en þeir voru báðir endurkjörnir.
Endurskoðendur voru kjörnir Davíð Guðmundsson og Kristinn Ragnarsson

4. Önnur mál voru síðan rædd
Nýkjörinn formaður bar fram tillögu um hækkun á vöxtum á afborgunum. Einnig um breytingu á afsláttar % vegna staðgreiðslu viðskipta. Voru félagsmenn sammála um að reyna eftirfarandi afsláttar töflu.
Enginn afsláttur uppað Kr. 5.000.-
frá 5.000 - 10.000 - 3%
frá 10.000 - 20.000 - 5%
frá 20.000 - og þar af meir 10%
Erlingur Hallsson upplýsti að unnið væri að nýrri vaxtatöflu, og lagði fram tillögu um að félagsmenn kæmu sér saman um sameiginleg tilboð í framleiðslu húsgagna og sýndu félagsmenn mikinn áhuga á því og var ákveðið að ræða það frekar á næsta fundi.
Tillaga frá Magnúsi Jóhannssyni var samþykkt þess eðlis að hækka álagningu húsgagna úr 50% í 53% og skyldi það taka gildi 1. júlí 1972



5. Í skemmtinefnd voru kosnir Guðmundur Jóhannsson og Davíð Guðmundsson.
Í samstarfsnefnd, nefnd til að fylgjast með verði, álagningu og hækkunum á hverjum tíma og stuðla að auknu samstarfi félaga voru kjörnir Magnús Jóhannsson, Kristinn Ragnarsson og Árni Jónsson og einnig Guðm. L. Þ. Guðmundsson.

6. Haraldur Siggeirsson þakkaði fráfarandi formanni unnin störf og óskaði hinum nýja formanni heilla í starfi og tóku félagsmenn undir þakkir og heillaóskir.

7. Fjörugar samræður fóru síðan fram og voru fundarmenn á einu máli um að félagið væri ekki aðeins hagsmunasamtök heldur gæfu möguleika á skemmtilegum kynnum og gagnkvæmu trausti hvers til annars.

Erlingur Hallsson

Fundi slitið kl. 22³⁰

fundarr. Hörður Pétursson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur haldinn í fél húsg. kaupmanna þann
22. marz 1973 kl. 8$^{\underline{30}}$ að Marargötu 2. R.
Mættir voru 9 fél.
Formaður setti fundinn, síðan var lesin
fundargerð síðasta fundar. Formaður hóf
mál sitt um málefni og samþykktar síðasta
fundar, samanber % afsl. vandamál hús-
gagnaverzlana. Magnús Jóhannsson taldi
að hækka þyrfti álagningar % og helzt að
lækka afsláttar % vegna staðgreiðslna.
Guðm. Guðmundsson var ekki á sama máli
sagði hann að álagningar % væri almennt
hærri á húsgögnum en öðrum vörutegundum.
Magnús Jóhannsson taldi rétt að hækka
álagningu uppí 55% og þá söluskattur inni-
falinn. Taldi Aðalsteinn Hallsson það ekki
óeðlilegt með tilliti til rýrnunar á úti-
standandi afborgunum og sí auknum kostnaði
við verzlunina. Magnús Jóhannsson bar
síðan fram tillögu um að álagning skyldi
hækka úr 30% í 55% m/söluskatti, var
tillagan samþykkt án mótmæla.
Næstur tók til máls Ásgrímur P. Lúðvíksson,
ræddi hann um áður umtalaðan stofn-
lánasjóð húsgagnakaupmanna. Sá sjóður var
aldrei stofnaður, en nú hafði Ásgrímur
verið valinn af kaupmannasamtökunum
til að vinna að sameiningu og breytingu



á lögum til aðlögunar stofnlánasjóðs sem
næði til fleiri sérfélaga innan heildar
samtakana. Nú þegar hefur verið kosinn
stjórn fyrir þennann sameiginlega stofnsjóð
og var Ásgrími falið að upplýsa félaga um
möguleika til að verða aðilar að umræddum
sjóði. Inntökugjald er kr. 10.000.- og er
sjóður þessi opinn öllum félögum innan
kaupmannasamtaka Íslands. Magnús Jóhannsson
taldi að meiri áhugi væri fyrir sérsjóði þar
sem við gætum þá máske haft af að segja
heldur en yrði hjá stærri sjóði. Guðm.
Guðmundsson var nú sem fyr áhugasamur
á málefninu og voru félagar á einu máli
um að miklir hagsmunir gætu legið í því
að vera aðilar að slíkum sjóði. Lauk
Ásgrímur máli sínu með því að segja að nauð-
synlegt væri að hafa samband við hvern og
einn félaga til að leita samþykkis og þátttöku.
Síðan fóru fram alm. umræður og taldi
formaður ástæðu til að hafa orð á hvað félags-
skapur okkar væri friðsamur og ánægjulegur.
Formaður benti á að sumir kaupmenn væru
að reyna að koma því á að engar afborganir
af viðskiptum færu niður fyrir kr. 4.000.- pr. mán.
Aðalsteinn Hallsson stakk uppá því að tak-
marka tímalengd afborgana miðað við upp-
hæðir hverju sinni. Eftir þetta ræddu menn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um verðbólguna, fjármyndun, fjárvinnum skatta, allskonar álögur o.fl. og hverju væri um að kenna. Niðurstöður á þessum vandamálum fengust ekki og enginn félagsmanna treysti sér til að leysa þetta vandamál á einfaldan hátt svo það tekið af dagsskrá. Vegna % hækkana ættu allir að hafa látið hækkunum á vörubirgðum sem fyrst, síðan kæmi það að sjálfu sér eftir innkaupum.

Fundi slitið
Kl. 22⁰³
Ritari Hörður Pétursson



1973 14. júní Haldinn aðalfundur að Marargötu 2. Formaður setti fundinn kl. 20³⁰ og skipaði Ragnar H. Eiríksson fundarritara.

1\. Skýrsla formanns. Í skýrslu formanns kom fram að góð samstaða hefur verið meðal félagsmanna, engin bellibrögð eða undirboð. Ræddi einnig um nauðsyn á samstöðu um pökkunargjald og útkeyrslu. Ný verðtaxta er í undirbúningi.

2\. Gjaldkeri Haraldur Sigurgeirsson flutti stutta skýrslu þar sem fram kom að enn sérsjóðs Húsgagnakaupmanna er skemmtunarsjóður að upphæð kr. 28.187.10.

3\. Stjórnarkjör. Erlingur Helgason endurkjörinn formaður, og Ásgrímur Lúðvíksson og Magnús Jóhannsson meðstjórnendur en fyrir eru í stjórninni Haraldur Sigurgeirsson og Guðm. Guðmundsson. Endurskoðendur kjörnir Davíð Guðmundsson og Páll Þorsteinsson.

4\. Í skemmtinefnd kjörnir Davíð Guðmundsson og Guðm. Jóhannsson.

5\. Önnur mál a. rætt um lokun á laugardögum í sumar, varð niðurstaðan sú að ekki væri fært að loka að þessu sinni.

b. Samþykktur taxti fyrir heimkeyrslu og pökkun. 200-500 kr. á afgreiðslu

c. Fjörugar umræður um ýmis mál, framleiðslu verðmál og innflutning húsgagna.

Fundi slitið kl. 21³⁰.

Fundarritari
Ragnar H. Eiríksson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur í félagi húsgagnakaupmanna haldinn að Marargötu 2 þann 3. apríl 1974. Mættir voru 8 fél.

1. Formaður, Erling Hallsson setti fundinn kl. 8⁵⁰ og skipaði Hörð Pétursson sem ritara. Formaður ræddi síðan lauslega ýmis málefni sem snerta hagsmuni fél. manna. T. d. fræddi hann fundarmenn á þeim breytingum sem til stendur að gera á afborgunarfyrirkomulaginu, breytingar af hálfu þess opinbera, og þá hamraði sérstaklega á hlið málsins að breytingar væru einungis gerðar með hagsmuni kaupandans í huga.

2. Gjaldkeri Haraldur Sigurgeirsson las og útskýrði reikninga félagsins og upplýsti að í sjóði væru kr. 32.483,30. Engar greiðslur hefðu átt sér stað úr sjóði á árinu, enda sjóðurinn sérstaklega gerður og stofnaður til að standa straum af skemmtihaldi til til breytinga fyrir félagsmenn og vísast það frekar til starfandi skemmtinefndar.

3. Guðmundur Guðmundsson spurði hver væri frá kaupmannasamtökunum í þeirri opinberu nefnd sem vinni að reglum fyrir afborgunar verzlun.



Enginn vissi. Ekki vissu menn gjörla um þær reglur sem í bígerð eru hjá hinu opinbera viðvíkjandi afborgunarfyrirkomulag verzlana. Guðm. vildi að fundur yrði haldinn um málið og fá þá lögfróðan mann til aðstoðar.

4. Laugardagslokunin var tekin á dagskrá og voru fél.menn sammála að bíða eftir þeirri lögboðnu laugardagslokun sem á að gilda í 2½ mán. yfir sumarið. Eða í öðru falli að sjá til hvernig framþróun verður.

5. Tillaga kom fram að afsláttar % verði reiknuð af verði án söluskatts og var tillagan samþykkt.

6. Tillaga kom einnig fram að álagning með söluskatti yrði 58% með söluskatti og það samþykkt.

7. Fundarmenn ræddu um tímalengd afborgana, voru sammála um að afborgunar samningar væru styttri nú en áður og samhugur var að reyna að hafa tímalengd afborgana lengst eitt ár.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Stjórnarkjör
Formaður gaf ekki kost á sér til kjörs
og var Hörður Pétursson kosinn formaður
Haraldur Sigurgeirsson gjaldkeri
Guðm. Guðmundsson meðstjórnandi
Ásgr. P. Lúðvíksson meðstjórnandi
Magnús Jóhannsson kosinn í stjórn Kaupm. samt.
(Formaður er sjálfkjörinn í þá stjórn)
Í skemmtinefnd voru kosnir sem áður
Guðm. Jóhannsson og Davíð Guðmundsson
Endurskoðendur voru látnir sitja áfram
þeir Páll Þorsteinsson og Davíð Guðmundsson

9. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum
og var honum slitið kl. 22

ritari Hörður Pétursson



Fundur haldinn í félagi húsgagnakaupmanna
að Marargötu 2 þann 30. september 1974.
mættir voru 9 félagar.
Formaður, Hörður Pétursson setti fundinn
kl. 8⁴⁰ og skipaði fundarritara Harald Sigurgeirsson.
Formaður las upp fundargerð síðasta fundar.
en tók síðan fyrir 1. mál fundarins sem
var um innflutning og þann vanda sem
húsgagnakaupmenn væru komnir í vegna
skorts á innflutningsleyfum. kaupmenn
hefðu pantað vöru sem lægi hér óútleyst
vegna skorts á leyfum. til húsgagnakaupa.
og væri sagt að kvóti þessa árs væri full úthlutaður
kom fram að stór hluti húsgagnaleyfa hefðu
farið til annars en húsgagna svo sem innréttinga
ofl. samþykkt var þriggjamanna nefnd
til að ítreka kröfur kaupmanna til. úthlutunar
nemdar og félags Ísl. Iðnrekenda um hækkun
kvótans til að leysa þetta vandamál.
í nefndina voru kosnir Davíð Guðmundsson
Magnús Jóhannsson og Hörður Pétursson.

2. næsta mál var um lokun á laugardögum.
ákveðið var að hafa opið á laugardögum
til áramóta frá 1. október. kom fram
í umræðum að félagsmenn væru hlintir því
að hafa lokað á laugardögum frá áramótum
til 1. september.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Rætt var um álagningarprósentu vegna söluskattshækkunar og var samþykkt að álagning yrði 63%. með söluskatti.

4/ heimkeyrslugjald var næst á dagskrá og samþykkt að taka í heimkeyrslugjald kr. 400. í Reykjavík en kr. 600 til Hafnarfjarðar einnig var samþykkt að ekki yrði gefinn afsláttur af útsöluverði nema án söluskatts. og yrði prentuð afsláttartafla ásamt vaxtatöflu og útkeyrslutöflu.

5 Hörður Pétursson gerði fyrirspurn til skemtinefndar um hvort haldin yrði gleðskapur hjá félagsmönnum. Davíð Guðmundsson svaraði fyrirspurninni og sagði að ákveðið væri hjá skemtinefnd gleðskapur síðasta laugardag í október.

6. Ásgrímur P. Lúðvíksson gerði fyrirspurn. hvort fundarmenn hefðu gerst félagar að sjóði kaupmannasamtakanna og kom fram að félagsmenn hefðu ekki gerst aðilar að þeim sjóði

7. ákveði var að fá þá húsgagnakaupmenn sem ekki eru í félaginu til þátttöku og inngöngu í félag húsgagnakaupmanna.

fundi slitið kl. 22.40

ritari Haraldur Sigurgeirsson



Aðalfundur í félagi húsgagnakaupmanna fyrir árin 1975 og 1976 var haldinn að Laugavegi 2. þann 4-3. 1976. kl. 21. mættir voru 5 félagar.
Formaður, Hörður Pétursson setti fundinn og skipaði Harald Sigurgeirsson ritara
1 og eina mál fundarins Stjórnarkjör. og var stjórnin endurkjörin.
fundi slitið kl 21.20.

Ritari
Haraldur Sigurgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 11-10. 1976. var haldinn fundur
í félagi Húsgagnakaupmanna að Marargötu 2.
Kl 17. mættir voru 9 húsgagnakaupmenn
formaður setti fundinn og tilnefndi sem
fundarritara Harald Sigurgeirsson.
1. Formaður Hörður Pétursson tók fyrir umsókn
um inngöngu í félagið frá Kristjáni S Ólafssyni
Hléskógum 19. og var umsókn hans samþykkt
af félagsmönnum samhljóða.

II Þá var tekið fyrir aðalmál þessa fundar
sem var útsölur og þá sérstaklega
vegna auglýsingar Skeifunnar um húsgagnamarkað
í Kjörgarði þar sem auglýst var 20-40% afsláttur
og haft var eftir Magnúsi Jóhannssyni
að hann mundi halda þessum markaði áfram
til áramóta. Rætt var hvort ekki væri hægt
að skapa einhverjar reglur varðandi útsölur
og hvort ekki væri hægt að halda þeim innan
einhverra takmarka.
Formaður las úr lögum no 84. frá 1933.
5 grein. þar sem útsölur (skyndisölur) almennt
megi hafa 2svar á ári og standi hún þá yfir
í mesta lagi 1. mánuð í hvert skifti
eða einusinni á ári og standi hún þá yfir í mesta
lagi í tvo mánuði. Þótti Guðmundi Guðmundssyni
þetta rúmt ákvæði og svo var um fleiri félaga.
Hófust nú miklar og fjörugar umræður og var
rætt um afslátt yfirleitt í verslunum og einnig



var rætt um afborganir og húsgögnum
og þótti of langt gengið í þeim efnum þar
sem væri boðið 18 mánaðar eða jafnvel lengri
samningar.
Þá var aftur vikið að húsgagnamarkaði Magnúsar
Jóhannssonar. og taldi Óskar í Dúna það hreint
lögbrot ef haldin væri útsala í meira en tvo
mánuði í einu. Formaður spurði félagsmenn
hvort þeir væru sammála þessum útsölumálum
Guðmundur í Víði sagðist taka upp hanskann
fyrir Jón Loftsson. h/f og taldi það annað þegar
verið væri að selja húsgögn sem hefðu legið í
2 - 3 ár en Magnús hefði tjáð sér að ekki væri
um neitt sérstakt vandamál að stríða hjá sér
Óskar í Dúna sagðist vegna spurningar frá
Óskari Sigurðssyni gefa starfsmönnum Sláturfélags
Suðurlands 15% staðgreiðsluafslátt gegn framvísun
félagsskýrteinis.
Guðmundur Guðmundsson spurði hvort menn
vildu sérhagsmuni hvers aðila í þessu máli
sem leitt gæti til viðskiftastríðs með svo og svo
miklum afslætti eða hvort menn vildu fast
form með útsölur. fundarmenn voru sammála
um að fara að lögum í þessu efni og var vitnað
í áðurgreind lög.
Fundarmenn ákváðu að boða til nýs fundar 12/10. 76
og boða til sérstaklega Magnús Jóhannsson. vegna
máls þessa og freista þess að fá sem flesta til fundarins.
fundi slitið kl 7$^{30}$
Ritari Haraldur Sigurgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 12-10.'76 var haldinn framhaldsfundur í félagi Húsgagnakaupmanna að Marargötu 2. mættir voru. 10 félagar. að Magnúsi Jóhannsyni meðtöldum sem sérstaklega var til fundarinns boðaður vegna áðurnemds húsgagnamarkaðar.

Formaður setti fundinn og gaf orðið frjálst,

Magnús Jóhannsson tók fyrstur til máls og fyrst las hann upp flestar húsgagnaverslanir sem allar hefðu að hans sögn haldið útsölur í ýmsu mismunandi formi og væri hann ekki að gera annað en það sem aðrir hefðu gert áður. hins vegar sagði hann það óráðið hverslu lengi hann hyggðist halda ~~lengi~~ áfram markaði þessum.

Næstur tók til máls Óskar Halldórsson. og taldi þetta yfirklór hjá Magnúsi og taldi hann ganga fram hjá þeirri staðreind að aðrir hefðu haldið rýmingarsölu á sinni framleiðslu eingöngu en Magnús seldi á húsgagnamarkaði sýnum einnig framleiðsluvöru annara aðilja. Óskar Halldórsson vildi að sett yrði í fastari skorður útsölur og til dæmis stakk upp á því að húsgagnakaupmenn sameinuðust um einn stað tildæmis einusinni á ári þar sem þeir sameiginlega seldu gallaðar eða þær vörur sem húsgagnakaupmenn vildu setja á útsölu



Magnús Jóhannsson taldi að hreinlegra væri að halda markað en að vera með til dæmis 15%. standandi afslátt eins og auglýst hefði verið undanfarið í Borgarhúsgögn. Hörður Pétursson taldi rétt að kaupmenn hefðu útsölur á lakari markaðstímum í árinu og þá á ákveðnu tímabili sem kaupmenn hefðu samstöðu um.

Haukur Óskarsson taldi að húsgagnakaupmenn héldu frekar útsölu en ella ef einskorðaður yrði ákveðinn árstími.

Hörður Pétursson taldi það hafa komið fram á fundi þessum að fundarmenn væru tregir til samstöðu um ákveðinn afslátt og einnig um tilhögum á útsölum og væri það vegna þess að fleiri félaga vantaði á fundin til þess að taka þess konar ákvörðun.

ákvörðun var tekinn um annan fund annan fimmtudag en á meðan yrði reynt hvort hægt yrði að fá alla húsgagnakaupmenn til að samþykkja með undirskrift afsláttar prósentu gegn staðgreiðslu húsgagna og ákveðna tímalengd á útsölum til dæmis viku eða hálfanmánuð.

fundi slitið.

ritari
Haraldur Sigurgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur haldinn í félagi húsgagnakaupm. fimmtudaginn 21. október 1976. að Marargötu 2. Kl. 8³⁰ á fundinn voru mættir 15 húsgagnakaupmenn. Formaður setti fundinn og síðan var lesin upp síðasta fundargerð. athugasemd kom frá Magnúsi Jóhannssyni þar sem hann taldi vanta á að fram kæmi að hann væri hættur rekstri Skeifunnar h/f að Kjörgarði frá næstu áramótum

Þá var tekið fyrir 1. mál fundarins sem var. um staðgreiðsluafslatt húsgagna. lesin var að loknum umræðum um þessi mál tillaga frá stjórninni og var hún á þessa leið.

Reykjavík 20-10. 1976.

Við undirritaðir erum samþykkir fyrir hönd fyrirtækja okkar að frá og með 1. nov. 76 verði staðgreiðsluafsláttur á húsgögnum í hæsta lagi 10%. því til staðfestingar ritum við nöfn okkar hérmeð.

Árni L Jónsson lagði til að að samkomulag þetta yrði gert í 6 mánuði og var það samþykkt.

Formaður bað menn sem greiddu atkvæði með tillögu stjórnar að rétta upp hönd tveir fundarmenn sátu hjá þeir Trausti. og Haukur Óskarsson. aðrir fundarmenn samþykktu. þá var beðið um atkvæða greiðslu móti tillögunni og var. Trausti: einn á móti tillögunni. ~~og~~ Haukur sat hjá.



Trausti gerði grein fyrir atkvæði sínu. og sagðist ekk samþykkja tillögu þessa nema. sett væri í eitt. afsl. og hámark afborgunarlána. ~~skrifuðu~~ Emil Hjartarson sagðist sammála 10%. afsl. sem hámarki. þá væri þó tímalengd samninga samteingt mál. miklar umræður urðu um afsláttinn. kom fram hjá Emil Hjartarsyni að hann teldi ástæðu til að ath. hvort um nokkurn afsl. gæti verið að ræða. Árni Jónsson kvaðs sammála Emil um að álagning til verslana væri ekki það mikil. að ekki væri um mikinn afsl að ræða.
Páll Þorsteinsson. taldi að ætti að gefa 10% afsl. en reikna áður söluskatt frá verði. sem gerði c 8%.
Magnús Jóhannsson. taldi afsláttar málin í sudumarki og væri húsgagnaverslunnini almennt stemt í voða ef algjör samstaða næðist ekki um þessi afsláttarmál.
Formaður. Hörður Pétursson. sagði það vera hagsmuna mál. allra að félagsmenn stæðu vel saman.
Skrifuðu nú ~~afs~~ félagsmenn undir skjalið með tillögu stjórnar nema Traust. Haukur Óskarsson skrifaði undir með fyrirvara. ákveðið var að heimsækja þau fyrirtæki sem áttu ekki menn á fundi þessum ~~og~~ fá undirskrift þeirra allra.
Samþykkt var að stjórnin hefði eftirlit á þessu 6 mánaða tímabili til að kanna hvort félagsmenn stæða ekki fast við samkomulag þetta.
II mál. fundarins var nú tekið fyrir og var það um útsölur.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður spurði hvort fundarmenn vildu binda útsölur við ákveðinn árstíma til dæmis janúar - febrúar og aftur seinnipart sumars.
Kom það fram að fundarmenn væru almennt á móti útsölum og þar sem þyrfti að ef um útsölur væri að ræða væri æskilegt að þær væru haldnar fyrripart árs.

3 mál. Afborgunarsamningar.
Voru fundarmenn yfirleitt á því að það þyrfti að vera þar sem um staðgr.afsl. eitt hvert lágmark og voru flestir á að heppilegt væri 6 - 12 mánuðir.
Guðm Guðmundsson kvaðst samþykkur því að ekki væri auglýstur ákveðinn lánstími.
Emil Hjartarson taldi að fyrirtæki þyrftu almennt ekki að lána húsgögn með tild. 1/4. út og rest á 12 mán þá væri það sama og að gefa mikinn afsl. og væru slíkar sölur tap.
Guðm. Guðm. taldi að í heild væru samningar styttri en í eitt ár annað teldist til undantekninga.
fundurinn samþykkti að stefnt væri að því að afborgunarsamningar færu ekki yfir 10 - 12 mán.

4. kostnaður vegna heimkeyrslu og innpökkunar.
fundarmenn samþykktu að taka fyrir þjónustu þessa og var stjórninni falið að ákveða þessi mál frekar og láta prenta skrá þessu að lútandi.
Þá var komið að lokum þessarar fundar og má geta þess til gamans að 76. sinnum báðu fundarmenn um orðið.
fundi slitið kl. 23 [illegible]
sitt.v. fundarritari
Haraldur Sigurgeirsson.



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur félags húsgagnaverzlana var haldinn þ. 28. marz 1979, að Marargötu 2. Formaður Hörður Pétursson setti fundinn kl. 8³⁰ las síðan skýrslu stjórnar og að því loknu var gengið til stjórnarkjörs. Var stjórnin kjörin óbreytt.
Síðan var gerð yfirlýsing frá félaginu varðandi opnunartíma sölubúða, að verzlanir félagsmanna verði opnar aðeins eftir þeim reglum sem í gildi eru í dag. Hvað við kemur laugardögum þá megi verzl. vera opnar til hádegis eins og verið hefur. Sunnudagar verði frí-helgir áfram sem hingað til.

Fundi slitið kl. 22

Aðalfundur félags húsgagnakaupm. var haldinn þ. 12. júní 1980 að Marargötu 2 Form. Hörður Pétursson setti fundinn kl. 8³⁰ og gerði grein fyrir því máli sem mest hafði verið lagt lið á árinu lokunartíma sölubúða, þar sem fáir voru mættir á fundinn var samþykkt að boða til framhalds aðalfundar við fyrsta tækifæri, en sýnt þótti að af því gæti þó ekki orðið fyr en með haustinu þar



sem komið væri sálægt sumarleyfum. Mættir voru á fundinum Jón Hjartarson, Guðm. Guðmundsson, Kjartan Kjartansson Kristbjörn Í. Ólafsson og Hörður Pétursson

Formaður sleit fundi kl. 21³⁰ HP.

Framhalds aðalfundur húsgagnakaupmanna var haldinn þ. 25. sept. 1980 að Marargötu 2 kl. 20 þrátt fyrir að boðað var til fundarins með nægum fyrirvara mættu fáir, eða þeir Guðm. Guðmundsson, Jón Hjartarson Kjartan Kjartansson Kristbjörn Ólafsson og Hörður Pétursson. Eftir nokkrar umræður um málefni líðandi stundar, t.d. lokunartíma sölubúða 35% innborgunargjald o.fl. var ákveðið og að sættast væri að stjórnin sæti áfram óbreytt með von um betri mætingu félaga síðar.

Fundi slitið kl. 21
HP.

Boðað til aðalfundar þ. 20. apríl 1981
3 félagar mættu fyrir utan formann.
Fundi frestað þar til síðar.

HP.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur í Félagi Húsgagnaverzlana
haldinn 10. marz 1983 í Hörgshlíð 14,
á heimili formanns Harðar Péturssonar.

Form. Hörður Pétursson setti fundinn kl. 20.35 og bauð fundarmenn velkomna. Ræddi síðan um það sem skeð hefur á liðnum tímum. Lýsti hann frá þeim vanda sem fyrir hendi er í afborgunarmálum vegna verðbólgunar, einnig ræddi hann innheimtu söluskatts og sagði frá fundum við Ráðherra og fyrirhafn sem stjórnarmenn hefðu lagt fram til að fá þóknun fyrir þá þjónustu sem ríkinu væri veitt með innheimtu söluskattsins, þrátt fyrir allt hefur ekki tekist að ná árangri sem skyldi.

Formaður gat þess að þrátt fyrir áhugaleysi félagsmanna og slæma mætingu á fundum þá væri félagsskapur sem þessi þarfur og innan Kaupmannasamtakana getur hann veitt margskonar þjónustu og upplýsingar sem geta styrkt og eflt samstöðu félagsmanna bæði inná við sem útá við.

Gjaldkeri gaf skýrslu um fjárhag, en þar sem ekki væri um fast árgjald að ræða hjá félaginu inná við þá stæði reikningar skv. því. Rætt var um stöðu okkar í kaupgjaldsmálum og öðrum málefnum sem félag sem þetta þarf að standa í og útilokað væri að leysa nema í samvinnu við önnur



félög við svipaðar aðstæður.

Næst var tekið fyrir stjórnarkjör, kosnir voru eftirfarandi

Formaður: Hörður Pétursson
Meðstjórnendur: Guðmundur Guðmundsson
Kjartan Kjartansson
Haraldur Sigurðsson
Til vara: Árni L. Jónsson
Kristján Ólafsson
Fulltrúi í K.Í. Ásgr. P. Lúðvíksson
Endurskoðendur: Helgi Guðmundsson
Ólafur Rúnar Árnason
Skemmtinefnd: Kristján Már
Þorleifur Stefánsson

Fleira var ekki tekið til afgreiðslu á fundinum og fundi slitið kl. 21.50

Ritari var
Ásgr. P. Lúðvíksson sign.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur í félagi húsgagnaverzlana haldinn 16 febrúar 1984 í fundarsal Kaupmannasamtakanna og hófst hann kl. 20.30

Formaður flutti skýrslu fyrir liðið starfsár og frétti af starfssemi Kaupmannasamtakanna. Þá þakkaði formaðurinn Guðmundi Guðmundssyni, við þátttöku fundarmanna fyrir orðsögu hans "Með vilyam að vopni" en ~~saga~~ ævi Guðmundar er samtvinnuð sögu húsgagna síðustu áratuga.

Gengið var til stjórnarkjörs og voru eftirtaldir kosnir:

formaður: Kartan Kartansson.
meðstjórnendur: Hörður Pétursson
Ásgrímur P. Lúðvíks
Kristján Ólafsson

til vara: Árni L. Jónsson
Haraldur Siggeirsson

fulltrúi í K.Í: Guðmundur Guðmundsson.

endurskoðendur: Helgi Guðmundsson
Kristján Már



Í liðnum önnur mál var rædd ýmiss hagsmunamál húsgagnakaupmanna s.s opnunartími, virðisaukaskattur, lánsviðskipti, staðgreiðsluafsláttur, kreditkortaviðskipti.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 22.08

Ritari var:
Þorleifur V. Stefánsson

K.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur þriðjudaginn 25/2 86
í fundarsal K.Í. Húsi Verzlunarinnar

Fundarefni undirbúningur fyrir aðalfund
Athugun var gerð á félagatalinu og var ákveðið að
hafa samband við þá aðila, sem lítið hafa sinnt
félagsmálum undanfarið og þá aðra, sem
stunda húsgagnaverslun og eru ekki enn komnir
í félagið og hefur Hreinn Sumarliðason
starfsmaður hjá K.Í. tekið að sér að hafa samban
við þessa aðila, bréflega og með samtölum.
Hreinn kynnti lög K.Í. og ræddi um tímasetningu
aðalfundar og þörfina fyrir kaupmenn ~~fyrir~~
samstöðu í breytilegu þjóðfélagi.
Ákveðið var að Aðalfund skuli halda fimmtudag
6 Mars kl 10 f.h. í fundarsal K.Í.

Ásgr. P. Lúðvíksson fundarritari
Hörður Pétursson
Kjartan Kjartansson



Aðalfundur Félags Húsgagnaverslana

haldinn fimmtudaginn 6. mars. 1986.
í Húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands, kl $10^{30}$

Formaður félagsins Kjartan Kjartansson
1. Setti fundinn og stjórnaði honum, kvaddi
hann Hreinn Sumarliðason til að rita fundargerð.

2. Formaður flutti skýrslu stjórnar og var hún
stutt og laggóð.
3. Rætt var um fjölda félagsmanna og
möguleika á að ná til þeirra sem
eru utan félags. Rætt um að glöggva sig
á sameiginlegum hagsmunamálum
félagsmanna.

4. Lagabreytingar:
Formaður las upp ný stöðluð félagslög
sem uppfylla ákvæði úr 38 gr. laga
Kaupmannasamtaka Íslands frá 21 mars 85
um að sérgreinafélögin samræmi lög
sín lögum heildarsamtakanna.

Nokkrar umræður urðu um lögin, og flestir
fundarmanna tóku til máls.
Ásgrímur P. Lúðvíksson rifjaði upp stofnun
félagsins og starfsemi fyrstu áranna.
Hörður Pétursson taldi brýna þörf á að

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

halda utan um félagið eins og einnig kom fram í máli Ásgríms.
Ingvar Þorsteinsson spurði sjálfan sig og aðra, hver er tilgangurinn með veru í svona félagi hvað kostar það og hvað fæst í staðinn. Fram kom að fundir hafa verið fáir að undanförnu, og starfið í lágð.

Lögin síðan borin upp og samþykkt samhljóða, og verða þau límd inn hér í bókina í lok fundargerðarinnar.

5. Stjórnarkosning:
Formaður: Kosinn var Kristján Ólafsson í eitt ár.

Meðstjórnendur: Kjartan Kjartansson í tvö ár
og Hörður Pétursson í tvö ár

Varamenn: Guðmundur Jóhannsson í eitt ár
og Finnur Magnússon í eitt ár

6. Fulltrúi í fulltrúaráði og til vara: Hörður Pétursson. Ásgrímur P. Lúðvíksson

7. Endurskoðendur: Helgi Guðmundsson
og Haraldur Sigurgeirsson

8. Kosningu uppstillingarnefndar var vísað til hinnar



nýkjörnu stjórnar:

9. Önnur mál:
Bréf frá Iðntæknistofnun Íslands, um stofnun „húsgagnanefndar“ til stjórnunar gæðaprófunum á húsgögnum. Félag húsgagnabólstrara er beðið um að tilnefna fulltrúa í nefndina fyrir nítján mars 1986.
Samþykkt að tilnefna Ásgrím P. Lúðvíksson

Finnur Magnússon vakti máls á afsláttarmálum, hann ræddi einnig um misnotkun kredit korta í húsgagnaviðskiptum, og fleira.
Rætt um hverir keyptu vörurnar og umboðslaun og hvort allir viðhafi sömu hætti.
Margt bar á góma sem sýnir að þessum aðilum er þörf á að hittast oftar hvora til skoðanaskipta.
Rætt um hvort ekki megi þetta greiðslu söluskatts af óinnheimtum sölusamningum, og athugað verði um samstöðu við aðrar sérgreinar, í því sambandi,
Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið kl. 11.50
Kristinn Sigurðsson, Ritari

Hörður Pétursson
Kristján Ólafsson
Kjartan Kjartansson
Ásgr. P. Lúðvíksson
Ingvar Þorsteinsson
Finnur Magnússon
Guðm. Jóhannesson (varam)

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Lög fyrir

1. grein.

Félagið heitir, Félag húsgagnaverslana.

2. grein.

Félagssvæði þess er: Reykjavík og nágrenni.
Heimilisfang og varnarþing er, í Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf og samvinnu meðal íslenskra húsgagnaverslana á félagssvæðinu, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verslun sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

4. grein.

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur verslun á félagssvæðinu. Skal hann senda félagsstjórn skriflega umsókn. Ef meirihluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina, telst hann félagsmaður.
Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins, getur meirihluti stjónar vikið honum úr félaginu, en leggja skal ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund, og þarf 2/3 hluti greiddra atkvæða tilþess að brottrekstur sé lögmætur. Hafi félagsmaður eigi haft opna verslun í eitt ár, skal hann tekinn af félagsskrá. Gangi nýjir félagsmenn í sérgreinafélag eða kaupmannafélag innan vébanda K.Í. skal stjórn viðkomandi félags tilkynna það skrifstofu K.Í.



5. grein.

Heimilt er að segja sig úr félaginu frá áramótum að telja með minnst sex mánaða fyrirvara, enda sé félagsmaður skuldlaus við K.Í. Úrsögn skal vera skrifleg og afhendast framkvæmdastjóra og er honum skylt að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku hennar..sé þess óskað. Þó er óheimilt að segja sig úr eða fara úr félaginu meðan vinnudeila ( verkbann eða verkfall) sendur yfir.
Hætti félagsmaður að versla, fellur iðgjaldsgreiðsla hans niður frá næstu mánaðarmótum að telja.

6. grein.

Stjórn félagsins ákveður árgjöld félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K.Í. Gjöldin renna óskipt til K.Í. sem annast allan rekstur félagsins.

7. grein.

Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum og tveim til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs ganga tveir meðstjórnendur úr stjórn eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Eitt atkvæði fylgir hverri skuldlausri starfsstöð ( búð).

8. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta kjósa menn í nefndir á félagsfundi til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

9.grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir febrúar lok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu, eða bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar sé þess óskað.
Eftirfarandi atriði skulu a.m.k. ávallt vera á dagskrá aðalfundar:

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár og lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
2. Stjórnarkosningar skv. 7. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosninn 1 aðalfulltrúi og 1 varafulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
5. Önnur mál.

10. grein.

Stjórnin skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt sem verða má.

11. grein.

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykkt 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

12. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi, og skal geta þess í bundarboði, og þurfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið,skulu eignir þess renna renna til Kaupmannasamtaka Íslands, eða annars félags, sem verði hugsanlega stofnað síðar á félagssvæðinu.

13. grein.

Í gjörðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það, er gjörðist á félagsfundunum, einkum allar fundarsamþykktir. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði. Fundarstjóri og fundarritari undirskrifa síðan fundargerðina. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem farið hefur fram á fundinum.

14. grein. (sérákvæði).

Með tilvísun í II kafla 3. gr. A laga Kaupmannasamtaka Íslands, heimilast fámennum sérgreinafélögum að kjósa sér 3 manna stjórn í stað 5 manna. Skal þá kjósa formann sér, til eins árs, en meðstjórnendur til 2 ára. Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnandi úr eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Tveir varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.





15. grein.

Lög þessi eru stöðluð og samræmd lögum Kaupmannasamtaka Íslands samkvæmt ákvæði 38. gr. laga frá aðalfundi Kaupmannasamtaka Íslands 1985.

Þannig breytt skulu lög þessi lögð fram fyrir aðalfundi sérgreina og Kaupmannafélaga á aðalfundum þeirra 1986.

Samþykkt samhljóða á aðalfundi félagsins 6/3. 1986.

[illegible] ritari

[illegible] form.

[illegible]

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur félags húsgagnaverzlana

haldinn mánudaginn 23. febrúar 1987
í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands.

1. Formaður félagsins Kristján Ólafsson
setti fundinn og stjórnaði honum.

2. Formaður flutti skýrslu stjórnar, þar
kom fram að haldnir höfðu verið þrír
bókaðir stjórnarfundir, Hörður Pétursson
tók á sínum sæti Ásgeirs P. Friðrikssonar
í húsgagnanefnd. Rætt um gæði íslenskra
húsgagnaframleiðslu og vísað til danska
gæðamerkisins „møbelfakta". Rætt um
áklæði og mat á því, td. leiðbeiningar
um leður og leðurlíki. Talað um að
fá endurtekið fróðlegt námskeið varðandi
leður og ef til vill einnig um við. Umræður
urðu allmiklar um þessi mál og tóku allir
fundarmenn þátt í þeim. Almennur áhugi
var á því að félagið standi fyrir
námskeiði fljótlega. Ákveðið að Finnur og
Kristján taki að sér að undirbúa málið.

3. Stjórnarkosning
Formaður til eins árs var endurkosinn
Kristján Ólafsson með þeim fyrirvara
af hans hálfu að ekki yrði um



endurkjör að ræða að ári liðnu.

Meðstjórnandi til 2ja ára kosinn
Guðmundur Jóhannsson, en fyrir í
stjórninni til eins árs var Hörður Pétursson

Varamenn kosnir Finnur Magnússon
og Haraldur Sigurgeirsson

Fulltrúi í fulltrúaráð KÍ var kosinn
Hörður Pétursson, og til vara Ásgeir P.
Friðriksson

Endurskoðendur voru kosnir
Helgi Guðmundsson og Hjalti Geir Kristjánsson

4. Önnur mál.
Viðbótar umræður urðu um námskeiðahald og
hvenær væri heppilegasti tíminn, einnig spjallað
um væntanlegan aðalfund KÍ hinn 7/3. nk.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið
Hrein Sumarliðason, ritari

Guðm. Jóhannsson.
Finnur Magnússon
Hörður Pétursson
Kristján Ólafsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur félags húsgagnaverzlana fyrir árið 1987 var boðaður 11. janúar 88 kl 14.00 í húsnæði KÍ. Húsi verzlunarinnar.

Sökum þess hve fáir mættu til fundarins enda þótt lög félagsins telji fund lögmætan, sé löglega til hans boðað, þá ákvað formaður að fresta fundarhaldinu og gera aðra tilraun til þess að halda aðalfund í marz-apríl í vetur.

Fleira gerðist ekki – fundi frestað.

Hreinn Sumarliðason ritari
Kristján Ólafsson
[illegible]



Aðalfundur félags húsgagnaverzlana var haldinn mánudaginn 18. apríl '88. kl. 14.00 í húsnæði Kaupmannasamtaka Ísl.

Formaður félagsins setti fundinn og stjórnaði honum. Hreinn skrifar fundargerð.

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar. Fram kom að hann og Hörður Pétursson tóku þátt í störfum að tollamálum.
Ennfremur ræddi hann um árangur í kortamálum. Tveir fundir hafa verið haldnir í húsgagnanefnd um ábyrgðir vegna galla og ábyrgðarskírteini í því sambandi. Ennfremur rætt um gæðastimpil og framtíðaráform þar um.

2. Kosningar.
Formaður var kosinn, Ingimar Magnússon.
meðstj. til 2ja ára – " – Hörður Pétursson, en frá síðasta aðalfundi situr áfram Guðmundur Jóhannsson.
varastj.: – Kristján Ólafsson
– Haraldur Sigurgeirsson.

Fulltrúi: Hörður Pétursson
vara " Kristján Ólafsson.

endurskoðendur Helgi Guðmundsson.
" Hjalti Geir Kristjánsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Önnur mál:

Guðmundur reifaði hugmyndir um að leggja félagið niður. Ásgrímur taldi að það væri misráðið. Kristján nefndi dæmi um þörf til félagsins nú og áður. Hann dró ennfremur fram hvað húsgagnasalar ættu sameiginlegt með öðrum kaupmönnum svo sem raftækjasölum eða öðrum.
Ásgrímur ítrekaði nauðsyn kaupmanna-samtakanna. Hörður tók undir það. Ákveðið að halda félaginu áfram enn um sinn.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason - ritar.

Kristján Ólafsson
[illegible] Jóhannsson
Finnur Magnússon
Hörður Pétursson
Ásgr. P. Lúðvíksson



Mánudaginn 9. janúar 1989 kl. $10^{00}$ f.h. var haldinn stjórnarfundur í Fél. húsgagna-verzlana, í húsnæði K.Í. Rvk.

Mættir voru Finnur Magnússon, Hörður Pétursson og Kristján Ólafsson, einnig Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum: fyrir var tekið.

1. Umræða um fyrirhugaðan aðalfund félagsins. Tillaga um að halda fundinn 16. janúar nk. var samþykkt og fundarboð samþykkt.

2. Rætt um vörugjald – um möguleika á erlendum lánsviðskiptum, og sitt hvað fleira.

Síðan var fundi slitið.
Hreinn Sumarliðason. ritar,

Finnur Magnússon
Hörður Pétursson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur félags húsgagnaverzlana var boðaður 16. janúar 1989. með bréfi sem dagsett var 9. 1. 89.

Aðsókn að fundinum var afleit og formaður úrskurðaði að fundinum skyldi frestað fram í marz. n.k.

Fleira gerðist ekki, fundi frestað.

16.1.89.

[illegible] ritar.

Finnur Magnússon

Kristján Ólafsson



Framhalds aðalfundur félags húsgagna-verzlana var boðaður 9. marz 1989. með bréfi dagsettu 2. marz.

Fundurinn var lögmætur þar sem löglega var til hans boðað.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Rætt var undir þessum lið um starf og stefnu félagsins.

2. Kosningar:
Formaður næsta starfsár var kosinn:
Guðmundur Jóhannsson
meðstjórnandi til 2ja ára var kosinn
Finnur Magnússon
og fyrir í stjórn er Hörður Pétursson
kosinn í fyrra til 2ja ára.
~~Meðstjór~~ Varastjórnendur voru kosnir þeir Kristján Ólafsson og Har. Sigurgeirsson.
Fulltrúi í fulltrúaráð KÍ var kosinn Hörður Pétursson og til vara Kristján Ólafsson.
Endurskoðendur: Helgi Guðmundsson og Hallgeir Kristjánsson.

3. Möguleikar á erlendum [illegible].
Fráfarandi formaður kynnti þessa möguleika og var nokkur umræða þar um.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Laugardagslokun:
Ljóst er að verslanir hafa mismikið opið á laugardögum. Engar ákvarðanir teknar á þessum fundi. Fram kom að mjög lítil verslun sé yfir leitt frá hádegi á föstudögum.

5. Önnur mál.
Finnur vakti máls á, ráðgreiðslum VISA. sem ekki eru tryggar lengur en korthafi heldur korti sínu.
Fundarmenn ræddu ýmis afbrigði af slíkum uppákomum. Upplýst var að Eurocard ráðgreiðslur séu á ábyrgð kortafyrirtækisins til loka samningsins.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritari
Finnur Hoyrnier [signature]
Hörður Pétursson
[signature]
Haukur [signature]



# Aðalfundur 1990.

Ár 1990 fimmtudaginn 3. maí kl. 14⁰⁰ haldinn aðalfundur í Félagi Húsgagnaverslana, húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.
Formaður setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason, erindreka K.Í. fundarstjóra.
Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan þar sem löglega var til hans boðað.
Því næst var gengið til dagskrár og fyrir tekið:

1. Skýrsla stjórnar.
Hreinn Sumarliðason tók að sér að lesa skýrsluna, en þar var lýst störfum stjórnar og helstu málum sem unnið hefur verið að á vegum Kaupmannasamtaka Íslands.

2. Nokkur umræða varð um skýrsluna.
Ásgrímur P. Lúðvíksson taldi að óskynsamlegt væri að halda ekki áfram með félagið.
Alltaf er ætlast að eiga í þjóðfélaginu, sem nauðsynlegt er að verjast. Ekki síst frá hendi þess opinbera.
Hörður Pétursson taldi það vera misskilning hjá kollegum okkar að fylkja sér ekki um félagið.

3. Kosningar: Guðmundur Jóhannsson endurkos. formaður
Haraldur Sigurgeirsson meðstjórn. 1 ár.
Hörður Pétursson meðstjórn. 2 ár.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í varastjórn voru kosnir
Ásgrímur P. Lúðvíksson og Kristján Ólafsson

Fulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands
var kosinn Hörður Pétursson og til vara
Kristján Ólafsson

4. Önnur mál.
Menn ræddu síðan ítarlega um greiðslukjör
í tolli, verslunarhúsaskattinn, virðisauka-
skatt, bankaþjónustu og viðskiptasiðferði.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Sveinn Haraldsson
fundarstjóri

**ADALFUNDUR 1991.** var haldinn 11. mars kl. 14.00
Formaður félagsins setti fundinn og skipaði hann [illegible]
1. Rætt um stöðu og starf félagsins.
2. Tillaga KÍ varðandi sameiningu sérgr.fél. Samþ. samhlj.
3. Stjórnarkosning: Formaður Guðmundur Jóhannsson
meðstjórnandi: Kristján Ólafsson en ásamt þeim
situr Hörður Pétursson áfram. Í varastj.: Ásgrímur P. Lúðvíksson
og Har. Sigurgeirsson. Fulltrúi: Hörður Pétursson og til vara
Kristján Ólafsson. Önnur mál: á víð og dreif. Fundi slitið.

Sveinn Haraldsson ritar
Guðm. Jóhannsson
H. Pétursson
Kristján Ólafsson

**TILLAGA.**

Aðalfundur Félags Húsgagnaverslana
haldinn 11.03.91 í Húsn. KÍ.
samþykkir að heimila stjórn félagsins að vinna að sameiningu þess við önnur sérgreinafélög innan K.Í.

Lög félagsins verði í samræmi við núgildandi lög.
Fyrirvari er um skipan fulltrúaráðsins.

Samþ. samhljóða.
ritari

Verði tillaga þessi samþykkt er fyrirhugað að þau félög, sem vilja, haldi sameiginlega stofnfund hins nýja félags hinn 17. apríl n.k. Þar verði kosin stjórn og samþykkt lög og jafnframt falli niður umboð þeirrar stjórnar sem kjörin verður hér í dag.

Guðmundur Jóhannsson
Kristján Ólafsson
H. Pétursson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur